

**Þinggerð 78. ársþings KSÍ,
haldið í Íþróttamiðstöðinni í Úlfarsárdal, Reykjavík, 24. febrúar 2024**

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 78. ársþings KSÍ. Þingið hófst á stuttu myndbandi til minningar um þau sem féllu frá á síðastliðnu ári.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, setti 78. ársþing KSÍ og mælti svo:

Þingfulltrúar, kæru gestir.

Dear guests from UEFA and FIFA, Welcome to Iceland. It is a pleasure and an honour to have you here with us. I have to get a little personal, Valentina, thank you for all your endless help, support, and friendship - and Jesper, my favourite Danish person, I will forever be in your debt.

Kæru félagar, nú ávarpa ég ykkur við upphaf ársþings í þriðja og síðasta skiptið.

Ég ætla ekki að fara djúpt ofan í tímabilið í fyrra, það geri ég í ávarpi mínu í ársskýrslunni, ég vil þó óska Blikum til hamingju með sögulegan árangur að komast í riðlakeppni Sambandsdeildar karla, Víkingum fyrir stórkostlegt ár karla og kvenna megin og Val fyrir frábæran árangur hjá mfl. kvenna. Svo er alls konar rómantik sem gerir fótboltann svo skemmtilegan, eins og ótrúlegur viðsnúningur Skagamanna og auðvitað Vestri, Víðir Garði í neðri deilda bikarnum, ekki má gleyma mínum konum í Tindastól sem héldu sér í Bestu deild. Og svo mætti áfram telja. Til hamingju öll sem unnuð ykkur upp um deildir, þeim sem fengu það erfiða hlutskipti að falla um deild, og raunar öllum þátttökuliðum vil ég óska alls hins besta á komandi sumri.

Þegar kemur að félögum þá er, þrátt fyrir oft erfið skilyrði, stórkostlegt að sjá hversu vel félögin standa sig í að sinna grasrótastarfi sem og afreksstarfi. Fagmennska, metnaður og fórnfýsi eru orð sem lýsa vel starfsemi félaganna og þeim sem þar starfa. Ákveðnar blikur eru þó á lofti, sjálfboðaliðum fækkar, kröfur á starfseminu aukast og ef vel á að vera verður starfsfólki að fjölga. Þetta kallar á aukinn kostnað og þó að sveitarfélögin standi mörg hver vel við bakið á sínum félögum – sem ber að þakka - er mikilvægt að þau og ekki síst ríkið stigi þar fastar inn en verið hefur. Meta þarf starf félaganna að verðleikum og veita auknu fjármagni til starfseminnar. Rannsóknir sýna að sú fjárfesting skilar sér margfalt til baka. Á sama tíma þarf að setja stóraukið fé í ferðasjóð til að standa straum af sífellt hærri ferðakostnaði, sem er að sliga bæði félög og foreldra úti á landi.

Dómararnir okkar eru mikilvægur partur af leiknum. Langþráð VAR þjálfun dómara hófst fyrir stuttu, til að auka möguleika þeirra á að fá alþjóðleg verkefni. FIFA dómararnir eru auðvitað eins og eitt af okkar landsliðum, við eigum að taka utan um þá, styðja og sinna þeim af kostgæfni. Dómarastarfið getur verið vanþakklátt og ég skora á okkur öll að vinna að því hörðum höndum að passa upp á framkomu í garð dómara. Leggja línurnar í okkar félögum, skipta okkur af ef við heyrum neikvæðar athugasemdir á vellinum, halda áfram að grípa til aðgerða á yngriflokka mótum barna o.s.frv.

Við settum á laggirnar á síðasta ári sérstakt Ungmennaráð KSÍ, sem er mjög mikilvægt og ánægjulegt verkefni, sem vonandi er komið til að vera. Eitt af því sem þar var fjallað um var einmitt þessi neikvæða hegðun fullorðna fólksins. Það vill enginn sjá eða heyra slíka framkomu og alls ekki börnin sjálf, því þetta hefur vond áhrif á upplifun þeirra og ánægju af íþróttinni. Við fullorðna fólkið, hvort sem við erum foreldrar, stuðningsfólk, stjórnar fólk, leikmenn eða þjálfarar verðum að ganga á undan með góðu fordæmi. Næsta ungmennasveit verður í apríl og

treysti ég á góða þátttöku frá félögunum. Að gefa börnum og ungmönnum rödd í okkar hreyfingu er nauðsynleg viðbót við okkar góða starf.

Landsliðin okkar stóðu í stórræðum á árinu, eins og oft áður. Það eru ákveðin umskipti og uppbygging að eiga sér stað í A landsliðunum okkar og það getur tekið tíma að smíða ný lið. A landslið kvenna gekk í gegnum miklar breytingar á árinu og það var aðáunarvert að sjá hversu vel liðið hélt sinni siglingu, þrátt fyrir nokkra gagnrýni, og þær luku árinu í fyrra á því að leggja Dani. Þetta er í fyrsta sinn sem íslensku A landsliði í knattspyrnu tekst að vinna Danmörku í mótssleik. Sorry Jesper my friend. Árið var sveiflukennt hjá A landsliði karla og árangurinn og frammistöður upp og ofan, en að sama skapi er karlalandsliðið í uppbyggingarfasa og vel merkjanlegar framfarir í leik liðsins. Bæði A landsliðin eru síðan í umspilsleikjum á komandi vikum. A landslið kvenna leikur heima og heiman sitt hvorum megin við ársþingið um að halda sæti sínu í A-deild Þjóðadeildar UEFA. Fyrri leikurinn úti í Serbíu fór 1-1, eins og við vitum. Ekki okkar besti leikur en áfram gakk. Og nú er um að gera að fjölmenna á Kópavogsvöll á þriðjudaginn og styðja stelpurnar til sigurs. A landslið karla á svo tvo leiki í mars þar sem sæti í lokakeppni EM næsta sumar er í boði. Það væri stórkostlegur árangur að komast aftur á EM og ættum við öll að standa þétt að baki beggja liða í þeim spennandi áskorunum sem þau standa frammi fyrir.

Við áttum eitt tveggja landa í Evrópu lið í úrslitakeppnum U19 karla og kvenna, sem er stórkostlegur árangur. Það var sérlega gaman að hafa fengið tækifæri á að fylgjast með báðum liðum og þessum efnilegu leikmönnum, sem sum hver banka fast á dyr U21/U23 ára landsliðanna og jafnvel A landsliðanna eða hafa þegar verið valin þangað inn. Þessir leikmenn bera yngri flokka starfi félaganna góðs viti og eigið þið allt hrós skilið. Mig langar að þakka foreldrum og öðru stuðningsfólki kærlega fyrir stuðninginn á þessum mótum, sem og öðrum leikjum yngri landsliða - en stuðningsfólk fjölmennir á leiki yngri landsliðanna okkar nánast hvar sem leikið er, sem auðvitað er ómetanlegt.

Þegar kemur að yngri landsliðunum þá er vitað að við spilum ekki jafn marga landsleiki og þjóðirnar sem við berum okkur saman við, erum í raun langt á eftir þeim. Þetta er grafalvarlegt mál sem verður að huga að á næstu árum. Þetta er hagsmunamál bæði fyrir KSÍ og félögin. Þessu nátengt er afrekssjóður ÍSÍ.

„Ekki króna til KSÍ“ var fyrirsögn á grein á vefnum okkar núna nýlega þar sem fjallað var um úthlutanir úr Afrekssjóði. Okkur var gert það fyllilega ljóst með skriflegu erindi frá ÍSÍ að KSÍ fengi ekki úthlutun úr sjóðnum og að það tæki því ekki að leggja í vinnu við að sækja um. Þetta er algjörlega ólíðandi staða. Raunar hefur KSÍ ekki fengið úthlutað úr sjóðnum í sjö ár. Við höfum mótmælt harðlega, talað á fundum, sent bréf, farið á fundi en sú barátta hefur ekki skilað árangri. Við ákváðum því fyrir stuttu að fá lögræðing til að kanna rétt okkar í þessu máli, því við viljum leita allra leiða.

Þessu tengt þá hefur mikið verið rætt um reksturinn. Auðvitað er áhyggjuefni þegar hallarekstur er eins mikill og raun ber vitni. Aftur á móti eru sveiflur eðlilegar og þess vegna erum við með varasjóð. Í fyrra settum við 156 milljónir í varasjóðinn, í ár tókum við 127 milljónir út. Það þýðir um 30 milljónir í plús á þessum tveimur árum. Að sjálfsögðu eru skýringar á taprekstrinum, sem koma fram í greinargerð með ársreikningi. Vert er að minnast á að hluti af taprekstrinum kemur til vegna góðs árangurs yngri landsliða og félagsliða.

Jafnréttisbarátta er eitt af mínum hjartans málum. Ég get því ekki yfirgefið þetta svið án þess að tala um jafnréttismál. Í dag, á þessu ársþingi, þegar kemur að konum í stjórn KSÍ og forystustörfum, förum við frá að vera flottust í Evrópu, best í Evrópu í að vera bara frekar léleg. Í þessu samhengi er ekki nóg að segja bara: Þær máttu alveg bjóða sig fram. Auðvitað máttu þær það, en málið er mun stærra. Og þetta er ekki vandamál kvenna heldur vandamál okkar allra. Það er okkar ábyrgð sem hreyfingar að grípa til aðgerða. Ég tel að nú sé kominn

tími á að skoða allar leiðir, þar á meðal kvóta og reglur um fjölda kvenna í stjórnnum og nefndum KSÍ. Af hverju segi ég það?

KSÍ var stofnað 26. mars 1947 og er því að verða 77 ára. Á öllum þessum árum hafa aðeins 14 konur starfað í stjórn, varastjórn og sem formaður. 14. Ég hef lesið fjölda rannsókna sem allar staðfesta að það er betra fyrir okkur öll að hafa konur með, að konur eigi sæti við borðið, séu hluti af stjórnendum og leiðtogum fyrirtækja, stofnana og félaga - og séu til staðar þar sem ákvarðanir eru teknar. Í norsku og sænsku knattspyrnusamböndunum er reglan 40 – 60 og fleiri lönd eru með sambærilegar reglur. Og þeim fjölgar stöðugt. Við eigum ekki að vera eftirbátar heldur vera í fararbroddi. Ég skora því á næsta formann og stjórn KSÍ, og félögin í landinu að grípa til aðgerða, taka ákvarðanir, þannig að þetta ár verði einungis lítið skref aftur á bak, í átt að glæstri, betri og réttlátari framtíð.

Mig langar að fjalla aðeins um þjóðarleikvang og vallarmál. Eins og við flest ef ekki öll vitum er nýr veruleiki í mótafyrirkomulagi A landsliða og félagsliða í Evrópukeppnum, karla og kvenna. Fleiri breytingar eru væntanlegar og allar miðað þær að því að hér þarf að vera hægt að spila knattspyrnu allt árið um kring. Það er ekkert land í Evrópu sem stendur verr að vígi en við þegar kemur að þjóðarleikvangi og leikvöngum sem uppfylla skilyrði UEFA, sem er skammarlega staða fyrir knattspyrnuþjóð eins og okkur. Heilmikil vinna hefur átt sér stað í áraraðir ef ekki áratugi og þó árangur sé ekki sýnilegur ætla ég, eftir fjölmörg samtöl við ráðamenn hjá ríki og borg, að leyfa mér að vera bjartsýn.

„Fótbolti fyrir alla“ er yfirheiti á röð verkefna hjá KSÍ sem ganga út á samfélagslega ábyrgð, uppeldisleg gildi fótbolta og inngildingu, sem er þýðing á enska orðinu inclusion. Markmiðið er að ná til sem flestra og bjóða öll velkomin. Flest þekkjum við Molaverkefnið – „Komdu í fótbolta með Mola“, þar sem hann Moli ferðast um landið með battavöllinn og hittir krakka, foreldra og forsvarsmenn. Áhersla er á smærri staði. Þetta er frábært verkefni sem gefur KSÍ mikið. Einnig má nefna verkefni sem Gunnhildur Yrsa hefur stýrt þar sem krökkum með sérþarfir er gefinn kostur á að taka þátt í fótboltaæfingum. Stefnt er á að stofna landslið fyrir fólk með fötlun og er það von mín að við verðum í fararbroddi í Evrópu á þeim vettvangi. Sjónlýsingar frá landsleikjum fyrir blinda og sjónskerta er nýtt og spennandi verkefni sem KSÍ réðist í á síðasta ári, ásamt Blindrafélaginu og Samtökum íþróttafréttamanna. Börn af erlendum uppruna eru hópur sem hefur ekki tekið nógu virkan þátt í fótbolta og öðrum íþróttum. Því viljum við breyta og höfum við leitað eftir styrkjum til að efla og auka þátttöku þeirra.

Af hverju þessar áherslur? Er þetta ekki bara óþarfi? Nei.

Við erum hluti af einni stærstu fjöldahreyfingu á landinu og í heiminum öllum. Hreyfingu sem hefur sterka rödd og ber mikla samfélagslega ábyrgð, hreyfingu sem hefur mikið forvarnargildi og á þátt í að auka farsæld og velferð þeirra sem taka þátt. Við eigum því að grípa boltann og taka okkar samfélagslegu ábyrgð fagnandi. Ef þróunin í Evrópu er skoðuð má t.d. sjá að bæði UEFA, sérsambönd og félagslið hafa stigið stór skref í verkefnum sem heyra undir samfélagslega ábyrgð. Auðviðtað eigum við að halda áfram að vera partur af þeirri mikilvægu vegferð.

Stundum tökumst við á, erum ósammála, eins og eðlilegt er en eigi að síður er samstaðan innan hreyfingarinnar mikil – og sérstaklega þegar á bjátar, í mótlætinu sést hver við erum og þá birtast okkar bestu hliðar sem við getum öll verið stolt af. Það urðu stór áföll á árinu hjá fótboltafjölskyldunni okkar; dauðsföll, slys og veikindi, ásamt gríðarlegu áfalli hjá vinum okkar í Grindavík. Við slíkar aðstæður leggjum við allan ágreining til hliðar og stöndum saman öll sem eitt.

Talandi um að standa saman.

Haustið 2021 tók við að mestu ný stjórn, með nokkrum gríðarlega mikilvægum reynsluboltum og ég sem nýr formaður. Verkefnið var ærið, við tókum við í mesta ólgusjó í sögu KSÍ. Við þurftum ekki aðeins að fást við málefni fótoltans, eins og stjórnir á undan okkur höfðu gert, heldur tókumst við einnig á við eftirmála þess sem hér gerðist og mikilvæg verkefni og áskoranir því tengt. Fundir voru því margir og langir, við, ásamt starfsfólki KSÍ vorum vakin og sofin yfir verkefninu, sem fólst meðal annars í að bæta og tryggja öryggi allra, búa til skilvirka verkferla, koma á fræðslu, setja gerð nýrra siðareglna í gang, sem er á lokametrinum, fara í samstarf með Barnaheillum, samþykkja viðbragðsáætlun Samskiptaráðgjafa og ýmislegt fleira. Og í leiðinni að koma okkur út úr storminum. Þetta hefur tekist með gríðarlegri vinnu. Mig langar því að þakka af öllu mínu hjarta því fólki sem gaf kost á sér í stjórn, þegar enginn annar gerði það, þakka starfsfólki KSÍ fyrir þeirra ómetanlegu störf í þessu krefjandi verkefni og þakka núverandi stjórn fyrir afar farsælt samstarf gegnum þessa öldudali og yfir í nokkuð lygnan sjó.

Þá vil ég einnig þakka nefndarfólki og starfshópum fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu knattspyrnunnar á Íslandi. Sjálfboðaliðar, stjórnarfolk, dómara, þjálfara og leikmenn á öllum aldri, án ykkar værum við ekki hér.

Nú er komið að kveðjustund hjá mér. Ég verð alltaf stolt af þessum tæpu tveimur og hálfu ári sem ég var formaður KSÍ. Við skrifuðum söguna saman, ég og þið félögin í landinu sem treystu mér fyrir verkefninu. Við vorum fyrst af löndunum 55 innan UEFA til að velja konu sem formann. Minn mesti heiður. Ég vil þakka fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt og þakka öllum þeim sem ég hef hitt og unnið með, bæði innan stjórnar og í félögunum víðs vegar um landið.

Mig langar sérstaklega að minnast á starfsfólk og þjálfara KSÍ. Þau tóku mér opnum örmum, hafa stutt mig með ráðum og dáð og sýnt mér tryggð, virðingu og traust. Ég hef ekki hitt annan eins starfsmannahóp, sem af óendanlegum dugnaði, metnaði og ósérhlífni gengur í öll verk, fótoltanum á Íslandi til heilla. Með mér út um dyrnar gengur Klara Bjartmarz, framkvæmdarstjóri KSÍ, sem í janúar átti 30 ára starfsafmæli. Knattspyrnuhreyfingin á henni mikið að þakka, meira en ég held að flestir geri sér grein fyrir.

Ég hef reynt að nálgast viðfangsefnið af auðmýkt og fagmennsku, starfað af heiðarleika og gert mitt besta til að stuðla að framgangi íslenskrar knattspyrnu. Ég geng nú glöð út í sumarið, með góðar minningar í farteskinu, reynslu sem mun vafalaust nýtast mér vel, ævilanga vináttu við fullt af fólki og þakklæti og stolt í hjarta.

Ég set hér með 78. ársþing KSÍ í glæsilegum salarkynnum Frammara, sem ég þakka höfðinglegar móttökur. Megi þingið vera uppbyggilegt, málefnalegt og skemmtilegt.

Takk kærlega fyrir mig.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár voru afhent fyrir ársþing að þessu sinni, en þau hlutu:

- Grasrótarverðlaun KSÍ:
 - Grasrótarverkefni ársins – Leiknir R.
 - Grasrótarfélag ársins – Reynir H.
 - Grasrótarpersóna ársins – Joaquín Linares Cordoba
- Jafnréttisverðlaun KSÍ: Víkingur R.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ: Sjónvarpsþættirnir Skaginn
- Viðurkenningu fyrir dómaramál:
 - Fyrirmyndarfélag – FH
 - Hvatningarverðlaun – Selfoss
- Háttvísiviðurkenning í Bestu deild karla: Stjarnan og Valur
- Háttvísiviðurkenning í Bestu deild kvenna: Tindastóll

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Gísli Gíslason
 2. þingforseti: Helga Guðrún Guðjónsdóttir
- og voru þau bæði samþykktir af þingfulltrúum. Þingforsetar tóku því næst við þingstjórn.

Þingforseta tóku við stjórn þingsins og staðfestu að löglega hafi verið boðað til þessa þings. Lögmæti þingsins var að því sögðu staðfest.

Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Systa Jónsdóttir
 2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson
- og voru þau bæði samþykkt og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ávarpaði þingið. Andri kom inn á málefni afrekssjóðs ÍSÍ og ástæður þess að KSÍ hafi ekki fengið úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ undanfarin sjö ár. Andri nefndi að KSÍ væri að fá fjármagn úr öðrum áttum, benti á að KSÍ væri stærsta íþróttageinin á Íslandi og hrósaði jafnframt knattspyrnuhreyfingunni fyrir öflugt starf. Andri sagði að sá veruleiki KSÍ að yngri landslið okkar væru að leika færri leiki en þau lönd sem við berum okkur saman við væri ekki eingöngu veruleiki KSÍ, heldur allra sérsambanda.

Andri sagði að lykillinn að góðu íþróttastarfi væri að hlúa að börnum og ungmönnum og benti á að nýleg ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að opna svæðisbundnar starfsstöðvar væri liður í því að gefa öllum börnum tækifæri til að stunda íþróttir.

Andri lauk máli sínu á að heiðra Vöndu Sigurgeirsdóttur, Borghildi Sigurðardóttur og Klöru Bjartmarz gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra störf fyrir knattspyrnuhreyfinguna.

Andri mælti svo:

Þingforseti, formaður KSÍ, representatives from UEFA and FIFA, góðir þingfulltrúar og gestir.

Ég vil byrja á því að flytja ykkur kveðju forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar, og ég ætla að vinda mér sem fyrsta mál í málefni Afrekssjóðs ÍSÍ, sem eru málefni sem eru búin að vera í umræðunni, mikið bæði

núna og eins og vanalega í upphafi hvers árs. Knattspyrnuhreyfingin hefur ekki verið sátt við að fá ekki stuðning síðastliðin ár úr Afrekssjóði og það er nú þannig að það er horft til fjölmargra þátta í ákvörðunum bæði ÍSÍ og Afrekssjóðs varðandi fjárveitingar. Þó að rekstur KSÍ hafi skilað neikvæðri afkomu síðasta ár þá er ljóst að reksturinn hefur samt gengið vel á undanförunum árum og fjárhagslegur styrkur knattspyrnuhreyfingarinnar er gífurlegur. Það eru að vissu leyti kvaðir sem fylgja þeim fjármunum sem koma erlendis frá og þeim ber að ráðstafa í ákveðin verkefni en KSÍ er samt eina sérsambandið sem nær að greiða verulegar fjárhæðir til aðildarfélaganna, standa fyrir mjög öflugum landsliðsstarfi án þess að það þurfi að koma greiðslur frá annaðhvort íþróttafólkinu, leikmönnum eða félögum vegna þessa, það er jafnvel verið að greiða bónusa. Það er verið að greiða kostnaðarpætti sem snúa að íþróttastarfinu sem er ekki á færi annarra sérsambanda, og það er hægt að telja meira í þennan dúr. Í raun má segja að í öllum íþróttagreinum á Íslandi þá eru það félögin sjálf og iðkendurnir sem eru að standa undir kostnaði við landsliðsstarfið. Sem er aðeins ólíkara heldur en er í knattspyrnunni.

Það er ekki þannig að knattspyrnan sé ekki að hljóta stuðning, úr þeim sameiginlegu sjóðum íþróttahreyfingarinnar sem við höfum úr að spila, sem eru til að byrja með allt of litlir eða fjársveltir get ég sagt. Formaðurinn kom inn á eins og ferðastyrki til íþróttafélaga, til iðkenda og annað, sem er klárlega sjóður sem þarf að margfalda til að standa undir þeim þörfum sem eru fyrir hendi. Ef kíkt er á alla þessa sjóði og styrki þá er knattspyrnan að hljóta hæstu upphæðir allsstaðar. Og ef við förum lengra, ef við tökum bara framlag atvinnulífsins til íþróttanna á Íslandi þá er langstærsti hluti þess framlags sömuleiðis að fara til knattspyrnu. Framlag sveitarfélaga í uppbyggingu íþróttamannvirkja og annað er í langstærstum hluta að fara til knattspyrnu. Og ég er ekki með einhverja tölu til að kasta fram á borðið því þetta er vitað og hefur verið horft á það í langan tíma að þetta er fjölmennasta íþróttagreinin á Íslandi sem hefur haft langmestan aðgang að fjölmiðlum, að fyrirtækjum, umfjöllun, og er að standa sig gríðarlega vel og því ber að hrósa og þakka. Því að um leið og við höfum öflugt samband eins og KSÍ og öfluga íþróttagrein þá er kannski mögulegt að ná að byggja upp fjölbreytt íþróttastarf á landinu. Þannig að ÍSÍ er að taka tillit til fjárhagslegs styrks og tekna sérsambandsins eins og reglugerðin heimilar og niðurstaðan að þessu sinni var að veita ekki styrk til knattspyrnunnar.

Að þessu sinni óskaði KSÍ eftir ákvörðun áður en umsóknarfresturinn rann út til þess að þurfa ekki að fara að leggja í þá vinnu að semja umsókn og safna öllum gögnum sem við gerum að kröfu gagnvart öllum sérsamböndum. Það er ástæðan fyrir því að það kom póstur eða bréf um það að KSÍ fengi ekki styrk. Annars hefði verið nákvæmlega sama ferli og hjá öllum öðrum.

En það er líka búið að vera í umræðunni, að við séum að búa við það að greiða hærri kostnað vegna okkar landsliðsstarfs. Við erum ekki að leika eins marga leiki og liðin sem við berum okkur saman við. Það er ekki bara knattspyrnan, það er allt okkar íþróttastarf. Við búum lengst í Norður-Atlantshafi. Við erum með meiri kostnað og dýrari og lengri ferðalög heldur en flest allar þjóðir sem við erum að bera okkur saman við. Og þetta er ekki bara í einni íþróttagrein, þetta eru allar íþróttagreinar á Íslandi.

Við þurfum að standa saman og þrýsta á hærri fjárframlög bæði frá stjórnvöldum en líka frá þessum alþjóðlegum aðilum sem við erum í sambandi

við. Við erum að vinna í því oft á tíðum gagnvart Ólympíuhreyfingunni að reyna að fá inn fjármagn til þess að nýta í undirbúning fyrir verkefni erlendis, til sérsambanda, til íþróttafólksins, og við erum í mjög mikilli vinnu með stjórnvöldum í dag til að efla umhverfi afreksíþróttar. Við vonum svo innilega að framtíðin verði bjartari sem snýr að afreksíþróttastarfi á Íslandi.

Það er líka í stefnu stjórnvalda og í markmiðum ÍSÍ að allir landsmenn eigi tækifæri og möguleika á því að stunda íþróttastarf. Á Íþróttáþingi á síðasta ári og sömuleiðis á Sambandsþingi UMFÍ voru samþykktar tillögur um að koma á fót svæðisskrifstofum víðsvegar um landið, til þess eins að styrkja og styðja við íþróttahéruðin og félögin í landinu. Við fengum stuðning í þetta verkefni frá mennta- og barnamálaráðuneytinu enda er ráðherra mjög áþjáður í að efla íþróttastarf um allt land. Þarna er verið að horfa á að við erum að reyna að einblína á börn og ungmenni af tekjulágum heimilum, með erlendan tungumála- eða menningarbakgrunn og fatlaða einstaklinga. Að reyna að opna gluggana fyrir þessa aðila inn í íþróttahreyfinguna. Og þetta er allt undir hatti farsældar barna, þar er stór áhersla í dag. Við megum ekki gleyma því að framtíðin okkar eru börn og ungmenni. Við verðum að styðja við að sem flestir finni sig innan skipulags íþróttastarf og verði framtíðarleikmenn í okkar röðum, hvort sem það er inn á vellinum eða utan hans. Þessir fjármunir hefðu ekki farið í eitthvað annað. Það hefði ekki verið hægt að færa þá yfir í afreksstarf eða mannvirki eða eitthvað slíkt. Þetta er hluti af farsældarfrumvarpi stjórnvalda og við þurfum að vinna í því. Við eigum að vera þakklát og fegin að við séum með tækifæri til þess að koma að þessu öflugra verkefni og reyna að efla okkar starf sem er frábært fyrir en við getum eflaust gert enn betra.

Nú, áskoranir eru margar og miklar. Árið í ár verður klárlega ár breytinga, við sjáum breytingar hér í forystu KSÍ, við sjáum breytingar í Þjóðfélaginu á mörgum sviðum og með breytingum þá gefast líka tækifæri. Ég á von á því að það sem við erum að fara í gegnum núna, bæði afreksstarfið, varðandi þessi svæði, þetta eru stærstu skipulagsbreytingar íþróttahreyfingarinnar nánast frá upphafi. Þótt að ég muni ekki alveg eins langt aftur og íþróttahreyfingin var stofnuð. En við megum ekki gleyma því að það eru komin vel yfir 100 síðan við bjuggum til það kerfi sem við höfum í dag. Ef við ætlum að glíma við þær áskoranir sem bíða okkur í framtíðinni þá verðum við að staldra við og breyta hvernig við erum að vinna hlutina, og við verðum að gera það saman. Hvort sem það er ÍSÍ og sérsamböndin, eða sérsamband eins og KSÍ og þið sem eruð hérna í félögunum eða fulltrúar félagana. Þið eruð eitt, þið eruð knattspyrnuhreyfingin á Íslandi. Orkan ykkar á að fara í að efla knattspyrnuna og íþróttastarfið, en ekki í innbyrðisátök, eða að vera með einhverskonar baráttu uppi á borðinu. Þið eruð ein og sama hreyfingin, hvort sem það eru félögin eða KSÍ og þeir sem þið kjósið hér í dag til að gegna forystu fyrir ykkur það er fólkið sem þið þurfið að styðja áfram og hjálpa til að láta verkin tala.

Og talandi um breytingar og talandi um þessi verkefni. Á þessum tímamótum eru þrjár konur að hætta í forystusveit KSÍ, ef við getum sagt sem svo.

Klara Bjartmarz, búin að starfa rúmlega 30 ár innan knattspyrnuhreyfingarinnar og búin að koma að miklu fleiri verkefnum innan íþróttastarfsins heldur en akkúrat það að vera framkvæmdastjóri KSÍ.

Borghildur Sigurðardóttir, hún er búin að starfa lengi í hreyfingunni, búin að vera í forsvari fyrir bæði félag og búin að gegna stöðu varaformanns KSÍ núna síðustu árin.

Og svo Vanda, sem tók við sem formaður KSÍ á erfiðum tíma, á ákveðnum ólgusjó, en hún á líka feril innan íþróttahreyfingarinnar sem spannar miklu, miklu meira, en þennan tíma sem hún hefur verið í forystu KSÍ, og verið brautryðjandi að mörgu leyti.

Og það vill nú þannig til að framkvæmdastjórn ÍSÍ fundaði í síðustu viku, og á þeim fundi var samþykkt að veita þessum þremur konum gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra störf fyrir knattspyrnuna og íslenskt íþróttastarf.

Um leið og ég vil biðja þær að koma hingað til mín, vil ég óska ykkur öllum til hamingju með þann árangur sem knattspyrnan hefur náð og sýnt á liðnu ári og liðnum árum og óska jafnframt þeirri stjórn sem mun taka við í dag farsældar og vonandi áframhaldandi góðs samstarfs á komandi tíma.

Takk fyrir.

Jesper Möller Christensen, fulltrúi UEFA, ávarpaði þingið. Jesper kom á framfæri kveðju frá forseta UEFA, Aleksander Čeferin, og framkvæmdastjóra UEFA, Theodore Theodoridis. Hann sendi einnig kveðju frá Norðurlöndum og hlakkaði til að vinna með nýrri stjórn, formanni og starfsfólki. Jesper sagði að mikilvægt væri að halda sterkum tengslum milli Norðurlanda.

Hann ræddi einnig um landslið Íslands, bæði kvenna og karla, fór yfir innbyrðis leiki Íslands og Danmerkur og talaði um mikilvægi þess að komast í úrslitakeppni EM og HM.

Jesper ræddi um fjármál og nefndi í því sambandi „HatTrick“ greiðslur UEFA til aðildarsambanda. Hann sagðist vita til þess að „HatTrick“ væri búið að hjálpa mikið til við að koma mörgum mikilvægum málum til framkvæmdar og að svo yrði áfram. T.a.m. væri UEFA búið að auka upphæð til knattspyrnu kvenna um 200% í „HatTrick“ greiðslum og að það ætti að nýtast vel.

Ávarp Jesper Möller Christensen á ensku:

Dear President,

Dear Members of the Executive Committee,

Dear General Secretary,

Dear members and friends of the football community,

It is a great honour for me as a member of the UEFA Executive Committee to be present here with you today on the occasion of the Elective Congress of the Football Association of Iceland.

First of all, allow me to seize this occasion to convey the warmest regards from UEFA to all of you on behalf of the UEFA President, Mr Aleksander Čeferin, my colleagues at UEFA Executive Committee and of the UEFA General Secretary, Mr Theodore Theodoridis.

Allow me to start with sporting related results, your men's national team will have the opportunity to qualify once more to the final tournament of UEFA EURO through the play offs in March. It will be great pleasure to have

Iceland participating at UEFA EURO 2024 in Germany, following the impressive performance, by players and fans, in EURO 2016 in France.

Next week, your women's national team will play the second leg for the promotion-relegation match of the inaugural UEFA Women's Nations League and will have the opportunity to remain in the prestigious League A which will also increase the chances of qualifying for Women's EURO in 2025.

I wish you the best of luck for both above matches.

The future belongs to those who believe.

The above remarkable performances had an impressive impact in Iceland. The numbers of registered players have been rising steadily year on year, with attendances at coach education courses also reaching new high. These facts will lead Icelandic football to new heights.

At UEFA, through our solidarity and development programme called "HatTrick", we strive to support our national associations in all areas of football, especially at the grassroots level of the game. And as announced, national associations will see a substantial increase in HatTrick funding for the next four-year cycle starting this year. 935 million Euros have been earmarked for the next cycle. This means that each of our 55 member associations will be able to receive up to 17 million Euros over four years. This represents an increase of 21% compared to the current one. It is important to mention that funding dedicated to women's football was increased by 200%, bringing the total investment to 90 million Euros over the four years. This shows that women's football is among the top priorities for UEFA and in Nyon we are also pleased to see that it is the same for the KSÍ. Until now HatTrick has helped KSÍ to improve local footballing facilities, fund grassroots activities and further develop women's football and participation. Furthermore, Hatrick funding is also supporting KSI's construction fund, a long-term project geared toward upgrading footballing infrastructure at Icelandic clubs. With the increase in the funding, as just mentioned, there will be ample opportunities to make further strategic investments in football in your country; the national stadium certainly represents one of them.

Referring to strategies and strategic investments, at the last UEFA congress in Paris, the new strategy has been presented, UEFA Strategy. This strategy builds up on our previous strategy. UEFA aims to continue the growth of football in our continent by ensuring diversity and inclusion in all levels.

There are 7 priorities in the new strategy

- 1) Be at the core of society
- 2) Ensure opportunities to all, from grassroots to elite
- 3) Strengthen the game's fundamentals
- 4) Work together to the highest governance standards
- 5) Organise world-class competitions
- 6) Maximise the potential of women's football
- 7) Pursue a culture of sustainability

We are convinced that these priorities will lead our beautiful game in further grow and development in Europe and will safeguard the principles of sportsmanship and equal opportunities.

I don't want to take too much of your time. You have a packed agenda ahead of you today with important decisions to take, including the election of the President. I wish all candidates the best of luck.

At the same time, I would like to thank Vanda for her contribution to football in Iceland and Europe. A special thanks also goes to Klara, who is leaving the KSÍ after 30 years of service. It was great pleasure to have both of you in the football family and I wish you the best for this future chapter of your life.

Let me conclude by thanking all of you for the kind invitation to be here with you today, your warm hospitality and by wishing you a fruitful Congress. Thank you.

Elkhan Mammadov, fulltrúi FIFA, ávarpaði þingið. Elkhan kom á framfæri kveðju til þingsins frá forseta FIFA, Gianni Infantino, og Mattias Grafström, staðgengli framkvæmdastjóra FIFA.

Elkhan rifjaði upp fyrstu heimsókn sína til Íslands þegar Ísland mætti Azerbaidjan í A landsleik karla og Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sigurmark Íslands í 1-0 sigri.

Elkhan þakkaði bæði Klöru og Vöndu fyrir störf þeirra fyrir knattspyrnuna á Íslandi. Einnig þakkaði hann KSÍ fyrir innleiðingu margra verkefna sem styrkt eru af FIFA. Hann óskaði Íslandi einnig góðs gengis í komandi landsleikjum, bæði hjá A landsliði kvenna og A landsliði karla.

Elkhan sagði að landslið Íslands og stuðningsmenn þeirra hafi sett skemmtilegan svip á þau stórmót sem liðin hafa farið á.

Elkhan sagði að dagurinn í dag væri mikilvægur fyrir knattspyrnuna á Íslandi. Framundan væru formanns- og stjórnarkosningar. FIFA væri til staðar fyrir knattspyrnuna á Íslandi og myndi áfram styðja við bakið á íslenskum fótbolta.

Að lokum óskaði hann framtíðar formanni og nýrri stjórn góðs gengis og árangurs í starfi.

Ávarp Elkhan Mammadov á ensku:

Dear President, dear Vanda,
Dear Representative of Iceland Sport and Olympic,
Dear General Secretary, dear Klara,
Dear Vice-Presidents,
Dear Board Members,
Dear UEFA Executive Committee member, dear Jesper, and UEFA representative, Dear Valentina,
Dear Delegates, Staff members of the KSÍ

It is a pleasure to be here today in Reykjavik to represent FIFA on the occasion of the 78th KSI General Assembly.

Please allow me to express the warmest regards on behalf of the FIFA President Gianni Infantino, the FIFA General Secretary and interim Mattias Grafström, as well as from the entire FIFA administration.

First of all, I would like to thank you, Madam President and Madam General Secretary, for the work you have done not only for football in Iceland but also for football worldwide. During your two terms of office, Madam

President, and your 9 years as General Secretary, you have enabled the KSI to develop the leagues with more games and more competition as well as the enhanced youth national team environment. This lays the basis for success and we at FIFA are eager to support Icelandic football to reach new heights.

FIFA is always delighted to support KSÍ, particularly through its Forward Development Programme, which has enabled the development of refereeing in Iceland. Also, the FIFA Forward Programme 3.0 cycle has enabled KSÍ to install a new LED system in its national stadium in Laugardalsvöllur and thus play its two UEFA EURO Qualifiers home matches in June 2023 against Portugal and Slovakia.

Iceland stands out through the great collaboration of municipalities and the federation – municipalities like Ísafjörður, where women's football started, where young talents fall in love with the game and where the high numbers of participation come from. Iceland has a vivid football community that is nurtured by dedicated, competent technicians, referees, coaches, and administrators in all corners of the country.

On behalf of FIFA: A sincere and big thank you for all your efforts!

Once again, I extend my sincere gratitude for the opportunity to be present today. I am confident that the journey of Icelandic football will continue to flourish, and I eagerly anticipate witnessing the great progress you will make in the future. Thank you for your time and for having us today and wishing you a very productive congress.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, ávarpaði þingið. Hún flutti þinginu kveðju frá Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, formanni UMFÍ.

Auður Inga mælti svo:

Formaður og stjórn KSÍ, ágætu gestir og þingfulltrúar.

Ýmislegt hefur breyst síðan við hittumst á Ísafirði fyrir ári. Hér eru mörg kunnugleg andlit og önnur ný.

Í mörgum tilvikum er gaman að sjá að fátt breytist. Það er ákveðið öryggi að halda hlutum í horfinu. Það gerir hins vegar fáum gott að hafa alltaf allt eins. Breytingar geta verið af hinu góða.

Mér finnst ánægjulegt að fylgjast með þeim á vettvangi knattspyrnuhreyfingarinnar. Til dæmis með ungmennaráði og ungmennabingi KSÍ. Ungu fólki sem við munum sjá verða virka sjálfbóðaliða á fullorðinsárum, það er að minnsta kosti okkar reynsla hjá UMFÍ af því að starfrækja ungmennaráð, þau taka þátt og eru virk.

Reynir Hellissandi er einn af verðlaunahöfum ársins hjá KSÍ en í umsögn er meðal annars minnst á heimildamyndina Heimaleikurinn.

Myndin sýnir svo glögg að íþróttir snúast um margt annað en sjálfa íþróttina. Það er hægt er að skapa umgjörð sem einkennist af gleði og ungmennafélagsanda. Í slíku félagi vilja allir vera með.

Í myndinni birtast líka ýmis konar áskoranir og m.a. kona sem stendur utan leiksins en langar til að taka þátt eins og í gamla daga. Þótt allt virðist vonlaust og þröskuldarnir ógnarhár þá finna vinir hennar leiðir.

Þessi kona getur verið málsvari svo margra. Það er hægt að yfirfæra hana yfir á einstaklinga með fötlun, af erlendu bergi brotin eða með ótraust bakland. Þær tölur sem við í hreyfingunni búum yfir sína okkur að það er verk að vinna svo allir geti verið með. Það skiptir máli fyrir einstaklingana sjálfa en líka samfélagið, gögnin sýna okkur það nefnilega líka að þeim einstaklingum sem taka þátt í skipulagða starfinu vegnar betur en þeim sem standa utan þess.

En aftur að breytingum. Nú stendur yfir vinna við skipulagningu svæðastöðva íþróttahéraða. Það er horft til 8 svæða sem munu þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins með samræmdum hætti.

Hreyfingin vill ganga í takt og veita þjónustu um allt land, ekki bara sums staðar eins og verið hefur til þessa.

Samstarf og samvinna eru lykilþættir og samhliða breytingunni voru gerðar breytingar á útgreiðslu lottó frá ÍSÍ og UMFÍ. Það verður því ekki lengur þannig að sumir fái greitt lottó og aðrir ekki. Það mun ekki skipta máli með hvaða hætti félag tengjast hreyfingunni, það eru sömu forsendur til allra.

Þegar íþróttahreyfingin hafði náð niðurstöðu eftir það sem sumir kalla áratuga deilur þá tók Mennta- og barnamálaráðherra vel undir með tillögum ÍSÍ og UMFÍ og tryggði aukið fjármagn inn í verkefnið. Það er nefnilega þannig að þegar við snúum bökum saman í hreyfingunni þá getum við náð betri og skjótari árangri heldur en hvert í sínu horni.

Eins og í öðrum stórum verkefnum þá eru alls konar áskoranir og útfærslur sem þarf að huga að og mikil vinna er í gangi í undirbúningi þessa verkefnis sem við bindum miklar vonir við.

Fyrir þetta þing hefur verið töluverð umræða um stöðu kvenna í íþróttahreyfingunni og skiljanlega í ljósi þess að nú stíga til hliðar úr forystunni mjög öflugar konur.

Ég heyri sagt að konur bjóði sig ekki fram, láti ekki í sér heyra, standi frekar á hliðarlínunni í bókstaflegum skilningi. Á sama tíma vitum við að það er fullt af frambærilegum konum í hreyfingunni. Við verðum að vera óhrædd við að spyrja okkur, greina menninguna og nýta gögn sem drifkraft og forsendu breytinga.

Ég fagna auknum sýnileika í ársskýrslu sambandsins varðandi þátttöku kvenna og held að í þessu eins og mörgu sé margt smátt sem geri eitt stórt.

Er það hafið eða fjöllin sem laða mig hér að - er spurt í laginu sem hreyfingin fyrir vestan þekkir hvað manna best - eða er það kannski fólkið?

Það er held ég lykilatriðið - fólkið - og með því að bæta við gleði þá verður þá verður til öflugur hópur fólks sem deilir sömu ástríðu og áhugamálum eins og hér í dag.

Gangi ykkur vel að velja fólkið ykkar í dag, það eru breytingar framundan, svo mikið er ljóst.

Við ykkur öll sem stíga til hliðar hér í dag langar mig til að þakka gott samstarf og bendi á að hægt er að halda góðum tengslum við hreyfinguna með öðrum hætti eins og t.d. þingforseti hér í dag en Helga Guðrún er ein af brautryðjendum íþróttahreyfingarinnar verandi fyrsta konan sem formaður UMFÍ.

Takk fyrir mig og gangi ykkur vel.

Álit kjörbréfanefndar

Rúnar V. Arnarson, formaður kjörnefndar, flutti álit kjörbréfanefndar.

Félag	Réttur til þingsetu	Mæting	Þingfulltrúar
Afturelding	3	3	Erla Eiríksdóttir, Agnar Freyr Gunnarsson, Gísli Elvar Halldórsson.
Augnablik	1	1	Jóhann Þór Jónsson.
Álafoss	1	1	Patrekur Orri Guðjónsson.
Álftanes	1	1	Björgvin Júníusson.
Árborg	1	1	Tómas Þóroddsson.
Breiðablik	4	4	Flosi Eiríksson, Bjarni Bergsson. Hekla Pálmadóttir, Eysteinn Pétur Lárusson.
Dalvík/Reynir	3	3	Kristinn Þór Björnsson, Hörður Snævar Jónsson, Ingvar Örn Sigurbjörnsson.
Einherji	1	1	Víglundur Páll Einarsson.
Elliði	1	1	Sigfús Örn Guðmundsson.
FH	4	4	Valdimar Svavarsson, Freydís Karlsdóttir, Viðar Halldórsson, Arnar Ægisson.
Fjölur	3	3	Hjörleifur Þórðarsson, Trausti Harðarsson, Sigursteinn Árni Brynjólfsson.
Fram	4	4	Agnar Þór Hilmarsson, Daði Guðmundsson, Axel Arnar Finnbjörnsson, Ingveldur Ragnarsdóttir.
Fylkir	4	4	Ragnar Páll Bjarnason, Stefanía Guðjónsdóttir, Júlíus Örn Ásbjörnsson, Björn Viðar Ásbjörnsson.
Grindavík	3	3	Haukur Guðberg, Petra Rós Ólafsdóttir, Helgi Bogason.
Gróttá	3	3	Jón Sigurðsson, Þorsteinn Ingason, Harpa Frímansdóttir.
Hamar	1	1	Eydís Valgerður Valgarðsdóttir.
Haukar	2	2	Jón Erlendsson, Gísli Aðalsteinsson.
HK	4	4	Sandra Sigurðardóttir, Hjörtur Þór Steindórsson, Þorsteinn Yngvason, Kristín Jónsdóttir.
Hvíti riddarinn	1	1	Alexander Kleinman.
Hörður Í.	1	1	Magni Jóhannes Þrastarson.
Höttur	3	3	Eva Dís Pálmadóttir, Gunnar Einarsson, Gunnar Gunnarsson.
Huginn	2	2	Guðmundur Bj. Hafþórsson, Sveinn Ágúst Þórsson.
ÍA	4	4	Eggert Herbertsson, Linda Dagmar Hallfreðsdóttir, Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Eyjólfur Vilberg Gunnarsson.
ÍBV íþróttafélag	3	3	Magnús Sigurðsson, Sigurbergur Ármannsson, Örn Hilmisson
ÍH	1	1	Jón Ásbjörnsson.
ÍR	3	3	Axel Kári Vignisson, Ari Viðarsson, Auður Sólrún Ólafsdóttir.
KA	4	4	Gunnlaugur Eiðsson, Hjörvar Maronsson, Sævar Pétursson, Guðni Hreinsson.
KÁ	1	1	Brynjar Viggósson.
Kári	1	1	Sveinbjörn Geir Hlöðversson.
Keflavík	4	4	Böðvar Jónsson, Ragnar Aron Ragnarsson, Sigrún Helga Hólm, Björgvin Ívar Baldursson.

KF	2	2	Baldvin Már Borgarsson, Viktor Freyr Heiðarsson.
KFA	2	2	Hilmar Jökull Stefánsson, Heimir Þorsteinsson.
KFG	1	1	Sindri Rósenkranz.
KFR	1	1	Tinna Erlingsdóttir.
KFS	1	1	Hjalti Kristjánsson.
KH	1	1	Hilmar Þorsteinn Hilmarsson.
KM	1	1	Joaquín Linares Córdoba.
Kormákur/Hvöt	2	2	Björgvin Brynjólfsson, Hörður Gylfason.
KR	4	4	Páll Kristjánsson, Bjarni Eggerts Guðjónsson, Sonja Arnarsdóttir, Sindri Snær Jensson.
KV	1	1	Auðunn Örn Gylfason.
Leiknir R.	3	3	Oscar Clausen, Garðar Gunnar Ásgeirsson, Snorri Villafuerte Valsson.
Léttir	1	1	Stefán Arnar Harðarson.
Magni	1	1	Gísli Gunnar Oddgeirsson.
Mídas	1	1	Berglind Bjarnadóttir.
Njarðvík	3	3	Ingi Þór Þórisson, Rafn Markús Vilbergsson, Kristinn Björnsson.
Reynir S.	2	2	Andri Þór Ólafsson, Hannes Jón Jónsson.
Samherjar	1	1	Brynjar Vatnsdal.
Selfoss	3	3	Leó Árnason, Guðjón Bjarni Hálfðánarson.
Sindri	1	1	Kristján Sigurður Guðnason.
Skallagrímur	1	1	Jón Theodór Jónsson.
SR	1	1	Ólafur Kjartansson.
Stjarnan	4	4	Baldvin Sturluson, Dagur Geir Jónsson, Valdemar Einarsson, Gunnar Guðni Leifsson.
Tindastóll	4	4	Adam Smári Hermannsson, Lee Ann Maginnis, Snæbjört Pálsdóttir, Bryndís Rut Haraldsdóttir.
Valur	4	4	E. Börkur Edvardsson, Styrmir Þór Bragason, Björn Steinar Jónsson, Bragi G Bragason.
Vestri	4	4	Samúel Samúelsson, Ívar Pétursson, Jóhann Króksnes Torfason, Kristján Kristjánsson.
Víðir	1	1	Guðlaug Sigurðardóttir.
Víkingur Ó.	2	2	Jóhann Pétursson, Þorsteinn Haukur Harðarsson.
Víkingur R.	4	4	Heimir Gunnlaugsson, Guðjón Guðmundsson, Katla Guðjónsdóttir, Haraldur Haraldsson.
Vængir Júpíters	1	1	Helgi Þorsteinsson.
Völsungur	2	2	Jónas Halldór Friðriksson, Sigþór Júlíusson.
Ýmir	1	1	Baldur Már Bragason.
Þór	4	4	Sveinn Elías Jónsson, John Júlíus Cariglia, Gísli Páll Helgason, Gestur Arason.
Þróttur R.	4	4	Pála Þórisdóttir, Kristján Kristjánsson, Kristófer Ólafsson, Smári Hrólfsson.
Þróttur V.	2	2	Marteinn Ægisson, Stefán Óli Sæbjörnsson.
Ægir	2	2	Guðbjartur Örn Einarsson, Jón Reynir Sveinsson.
Samtals:	145	145	

Fyrirnefndir 145 fulltrúar (af 145) frá 65 félögum mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Konur eru 16,5% þingfulltrúa og karlar 83,5%.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Skýrsluna er að finna á sérstakri heimasíðu sem búin var til um skýrslu stjórnar og hvatti Klara þingfulltrúa til að skoða bæði ársreikninga og skýrslu stjórnar.

Klara sagði það fulla ástæðu að minnst á þær áskoranir sem Grindvíkingar standa frammi fyrir og bað fulltrúa Grindavíkur um að koma upp á svið. Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, afhenti Grindvíkingum skjöld og sagði að því tilefni:

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar sl. að afhenda sérstaka hvatningu til UMF Grindavíkur og Grindvíkinga.

Á því leikur enginn vafi að þær áskoranir sem íþróttastarfið í Grindavík stendur frammi fyrir þessi misserin virðast á köflum óyfirstíganlegar. Engu að síður standa forsvarsmenn UMFG keikir og úrræðagóðir og halda starfinu gangandi með ótrúlegri seiglu og ekki síður ómetanlegum stuðningi annarra íþróttafélaga. Knattspyrnuhreyfingin hefur lagt sitt af mörkum, stutt með ýmsum hætti við Grindvíkinga á þessum erfiðu tímum, og mun gera það áfram eins lengi og þarf.

Áfram Grindavík, knattspyrnufjölskyldan hvetur ykkur til dáða og stendur með ykkur!

Þingheimur reis úr sætum og klappaði Grindvíkingum lof í lófa.

Borghildur Sigurðardóttir, fyrsti varaformaður KSÍ og formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Borghildur vakti athygli á greinargerð sem fylgir ársreikningi og hvatti sérstaklega nýtt stjórnarfolk til að kynna sér greinargerðina.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Enginn kvaddi sér hljóðs í umræðum um ársreikninga KSÍ.

Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 21

Tillögur á þingskjölum 6 til 21 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2024

	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	1.222.911.750	1.068.704.423	1.101.225.100
Tekjur af landsleikjum	120.782.669	159.724.870	156.890.035
TDS vísinda og þróunarsvið	34.391.000	0	0
Sjónvarpsréttur	452.298.951	430.066.285	415.022.000
Aðrar rekstrartekjur	122.191.256	147.690.697	111.817.388
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	78.460.106	127.915.082	71.521.619
	2.031.035.733	1.934.101.357	1.856.476.141
Rekstrargjöld			
Kostnaður við landslið	-910.218.994	-981.115.739	-844.445.559
TDS vísinda og þróunarsvið	-34.391.000	0	0
Mótakostnaður	-287.764.269	-270.071.578	-250.122.628
Fræðslukostnaður	-71.202.936	-68.067.365	-70.207.804
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	-434.973.158	-405.884.253	-397.802.109
Húsnæðiskostnaður	-27.400.000	-29.310.263	-22.885.092
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	-124.868.264	-190.402.232	-105.648.080
Afskriftir	-47.000.000	-46.987.077	-45.000.000
	-1.937.818.620	-1.991.838.507	-1.736.111.272
Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld	93.217.112	-57.737.150	120.364.869
Aðrar tekjur og gjöld			
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ	0	40.395.568	30.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ	0	-40.395.568	-30.000.000
Fjármagnsliðir	25.000.000	40.089.052	25.000.000
	25.000.000	40.089.052	25.000.000
Hlutdeild í afkomu Þjóðarleikvangs ehf	0	121.237	0
Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga	118.217.112	-17.526.861	145.364.869
Greiðslur til aðildarfélaga	-96.450.000	-109.262.501	-121.450.000
Hagnaður/(Tap) ársins	21.767.112	-126.789.362	23.914.869

Stjórn KSÍ

Sundurliðanir

	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023
Styrkir og framlög			
ÍSí	49.000.000	47.983.944	51.000.000
Íslenskar getraunir	19.600.000	17.836.416	17.000.000
UEFA	757.136.250	488.115.431	509.161.100
FIFA	227.563.000	376.817.669	386.046.500
Ýmsir styrkir	169.612.500	137.950.963	138.017.500
	1.222.911.750	1.068.704.423	1.101.225.100
Aðrar rekstrartekjur			
Fræðslutekjur	26.120.000	21.527.000	20.397.500
Mótatekjur	83.634.781	78.953.845	71.571.138
Erlendar leyfistekjur	5.590.625	5.319.429	5.573.750
Viðburðir og aðrar tekjur	6.845.850	41.890.423	14.275.000
	122.191.256	147.690.697	111.817.388
Kostnaður við landslið			
A-landslið karla			
Ferðakostnaður	196.850.000	178.850.398	152.531.000
Laun og verktakagreiðslur	104.254.840	122.559.005	97.030.408
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	33.280.000	76.103.020	62.350.000
	334.384.840	377.512.423	311.911.408
U-21 landslið karla			
Ferðakostnaður	47.180.000	43.700.369	51.329.000
Laun og verktakagreiðslur	27.090.483	22.833.569	21.689.899
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	7.400.000	6.268.041	3.800.000
	81.670.483	72.801.979	76.818.899
U-19 landslið karla			
Ferðakostnaður	23.889.600	27.392.436	23.229.664
Laun og verktakagreiðslur	17.409.499	20.105.370	13.513.847
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	5.200.000	7.106.903	5.840.000
	46.499.099	54.604.709	42.583.511
U-17 landslið karla			
Ferðakostnaður	16.674.000	14.826.580	13.142.064
Laun og verktakagreiðslur	17.324.499	15.955.265	13.063.847
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	5.200.000	8.418.013	5.840.000
	39.198.499	39.199.858	32.045.911

A-landslið kvenna

Ferðakostnaður	133.125.000	125.257.536	114.750.315
Laun og verktakagreiðslur	66.769.695	68.675.342	64.680.032
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	31.082.500	45.891.860	32.880.000
	230.977.195	239.824.738	212.310.347

U-23 landslið kvenna

Ferðakostnaður	20.670.000	12.148.986	7.902.860
Laun og verktakagreiðslur	1.350.000	2.175.000	1.415.000
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	600.000	544.370	100.000
	22.620.000	14.868.356	9.417.860

U-19 landslið kvenna

Ferðakostnaður	16.857.100	30.458.744	19.891.680
Laun og verktakagreiðslur	16.060.570	18.984.685	15.721.181
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	6.740.000	9.614.155	5.590.000
	39.657.670	59.057.584	41.202.861

U-17 landslið kvenna

Ferðakostnaður	18.207.100	17.524.718	22.236.200
Laun og verktakagreiðslur	16.990.570	18.467.921	15.891.181
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	6.740.000	5.358.502	5.590.000
	41.937.670	41.351.141	43.717.381

Hæfileikamótun**Sameiginlegur landsliðskostnaður**

	33.780.058	37.516.702	36.199.882
	39.493.480	44.378.249	38.237.500

Kostnaður við landslið

	910.218.994	981.115.739	844.445.559
--	-------------	-------------	-------------

Mótakostnaður

Dómaralaun og launatengd gjöld	188.853.917	180.721.452	172.239.284
Flug, hótél og bílaleigubílar dómara	23.000.000	22.105.483	19.890.000
Annar dómarakostnaður	26.730.352	12.644.191	17.523.600
Evrópukeppni félagsliða	12.000.000	17.904.981	8.019.744
Markaðs- og auglýsingakostnaður	10.940.000	9.104.539	9.450.000
Annar mótakostnaður	26.240.000	27.590.932	23.000.000
	287.764.269	270.071.578	250.122.628

Fræðslukostnaður

Laun og verktakakostnaður	43.552.736	42.187.353	39.787.104
Landshlutaverkefni	2.500.000	6.809.007	5.000.000
Námskeið og kennslugögn	18.150.200	16.514.093	15.420.700
Samfélagsleg verkefni	7.000.000	2.556.913	10.000.000
	71.202.936	68.067.366	70.207.804

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	333.383.158	302.680.242	305.128.189
Annar starfsmannakostnaður	6.500.000	5.579.985	6.000.000
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	7.910.000	7.615.587	6.760.000
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	25.000.000	22.524.921	27.900.000
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	20.100.000	27.535.748	19.484.400
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	20.000.000	19.465.126	12.500.000
Ársþing	12.000.000	9.683.109	11.000.000
Styrkir, framlög og gjafir	5.000.000	5.850.969	5.000.000
Kostnaður vegna Þjóðarleikvangs	0	21.638	0
Árgjald UEFA og FIFA	80.000	76.455	0
Annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður	5.000.000	5.552.679	4.029.520
Varúðarniðurfærsla krafna, breyting	0	-702.206	0
Afksrift tapaðra krafna	0	0	0
	434.973.158	405.884.253	397.802.109
Húsnæðiskostnaður			
Tryggingar	1.200.000	1.032.595	864.092
Húsnæðiskostnaður	26.200.000	28.277.668	22.021.000
	27.400.000	29.310.263	22.885.092

Stjórn KSI

Umræður um fjárhagsáætlun:

Þórir Hákonarson (ÍTF) tók til máls. Þórir sagði að mesta athygli veki auknar álögur á aðildarfélögin í þessari fjárhagsáætlun. Gjald vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara hækki t.d. í öllum deildum nema 5. deild karla. Þórir spurði hvort búið væri að semja við leikmenn landsliða um lækkingu á bónus greiðslum. Hann spurði jafnframt um hvað felist í kostnaði við markaðs- og auglýsingakostnað við mótamál, þar sem að ÍTF færi með markaðsréttindi deildarinnar. Þórir spurði einnig hvort reiknaður hafi verið út kostnaður per leik í yngri landsliðum og nefndi Norðurlandamót í því samhengi. Ísland ákvað að hætta keppni í Norðurlandamóti og Þórir spurði hvort að kostnaður per leik hafi verið skoðaður í því samhengi. Hann sagði að stóri punkturinn væri sá að verið væri að lækka greiðslur til félaga á sama tíma og verið væri að hækka álögur á félögin og sagði það vera áhyggjuefni. Einnig sagði Þórir að stórt mál væri að ekki sé gert ráð fyrir neinum greiðslum úr mannvirkjasjóði, sem verið hefur á bilinu 30-80 milljónir á ári vegna framkvæmda félaganna. Hann spurði í framhaldi hvort KSI væri að hætta stuðningi við aðildarfélögin í gegnum þennan sjóð, sem fjármagnaður er af sérmerktum tekjum UEFA, eða hvort búið væri að ráðstafa þessu fé í eitthvað annað en markvirki eða framkvæmdir félaganna. Þórir spurði einnig um samfélagsleg verkefni, sem getið er til um í fjárhagsáætlun, og vildi vita hvaða verkefni þetta væru. Þórir gerði landsliðmál einnig að umræðuefni. Hann benti á að í greinargerð stjórnar um ársreikninga væri tekið fram að stór hluti tapsins væru árangurstengdar greiðslur, vegna þátttöku U19 karla og kvenna í úrslitakeppni. Þórir talaði um að samanlögð umframkeyrsla þessara liða væri um 30 milljónir króna og benti á að stóru upphæðirnar væru í A landsliðinu. Hann benti á að A landslið karla hafi farið 70 milljónir fram úr áætlun og bætti við að það hafi ekki verið árangurstengd umframkeyrsla heldur ákvörðun sem stjórnin tók. Það sama mætti segja um A landslið kvenna. Þar af leiðandi væri eingöngu hægt að segja að 30-50 milljónir væru árangurstengdar greiðslur.

Klara Bjartmarz (framkvæmdastjóri KSÍ) tók til máls. Klara sagði að ekki væri búið að ganga frá samningum við leikmenn en búið væri að tilkynna leikmönnum um lækkun á bónus greiðsla. Klara sagði að kostnaður við markaðs- og auglýsingakostnað mótadeildar væri um að ræða kostnað við Stubb, sem sér um aðgönguskírteini, vefkerfi o.fl.

Klara sagði að ástæðan fyrir því að Ísland hafi hætt þátttöku á Norðurlandamótinu hafi verið út af því að fækka átti leikjum úr fjórum í þrjá, en halda átti sömu lengd á mótinu. Því hefði kostnaður per leik orðið hærri og KSÍ mótmælti þessu fyrirkomulagi harkalega, sem endaði með því að ákveðið var að leita annað með leiki fyrir U16 landslið karla og kvenna.

Hún sagði að hærri dómarakostnaður sé vegna, sjúkráþjálfunar, líkamsrækt og endurnýjun á búnaði dómara, sem síðast var endurnýjaður árið 2022 (hið rétta er 2020). Einnig er þar inni VAR þjálfun dómara.

Fjallað var um það á fundi mannvirkjanefndar í desember 2023 að bíða með ákvörðun um úthlutun og þeim fjármunum hefur því ekki verið úthlutað í önnur verkefni.

Varðandi samfélagsleg verkefni, þá sagði Klara að um væri að ræða verkefni með Barnaheill, verkefni sem kallast So Green og önnur verkefni. Þeim væri þannig háttað að ekki fengist fjármagn nema verkefnin séu framkvæmd. Skila þurfi inn ítarlegri skýrslu til fá greiðslurnar.

Þórir Hákonarson (ÍTF) tók til máls. Sagði það ekki gott að enn væri ekki búið að taka ákvörðun um mannvirkjasjóð. Fyrir lægju framkvæmdir hjá félögum, sem m.a. er tilkomið út af auknum kröfum í regluverki KSÍ, sem mögulega væri hægt að fjármagna að hluta með peningum úr mannvirkjasjóði KSÍ. Þórir benti aftur á lækkun á framlögum til félaga og í því sambandi nefndi hann að þróunarstyrkur UEFA, sem var 50 milljónir króna á síðasta ári, væri að lækka niður í 35 milljónir á þessu ári. Þetta eru greiðslur til félaga í öðrum deildum en Bestu deild karla. En á sama tíma eru greiðslur til félaga í Bestu deild karla að hækka umtalsvert. Með þessu vildi hann benda á að bilið þarna á milli væri töluvert mikið. Hann spurði svo að lokum hvað TDS vísinda- og þróunarsvið væri, sem getið er um í fjárhagsáætlun.

Klara Bjartmarz (framkvæmdastjóri KSÍ) tók til máls. Klara útskýrði að FIFA TDS stæði fyrir FIFA Technical Development Scheme þar sem FIFA kemur með sérsniðna tæknilega aðstoð til hvers og eins knattspyrnusambands. Hún sagði að TDS vísinda- og þróunarsvið væri sérsniðin verkefni á vegum FIFA og KSÍ sem snýr að því að gefa hverju einasta mannbarni tækifæri til að stunda knattspyrnu. FIFA sér alfarið um það hvert fjármagnið fer og í hvaða verkefni, innan þess ramma sem FIFA setur. Aukin umsvif á knattspyrnusviði falla þarna undir og eru greidd sérstaklega af TDS, fara því ekki úr sjóði KSÍ.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.

Þingforseti óskaði eftir samþykki þingsins um að taka fyrir tillögu sem barst frá Vestra, beiðni frá Vestra um afbrigði og að tekin verði til dagskrár tillaga til breytinga. Beiðnin var samþykkt, málinu bætt við dagskrá þingsins og verður þingskjal 22.

Þingforseti bar einnig upp beiðni frá félögum um rafrænar kosningar. Sú beiðni hlaut einnig samþykki þingsins og því næst var farið yfir fyrirkomulag rafrænna kosninga.

Tillaga þingforseta var samþykkt samhljóða.

Þingforseti lagði til að tillögur og umræður um þingskjöl 7 og 8 verði tekin til umfjöllunar samhliða. Verði það svo að tillaga að þingskjali 7 verði samþykkt, þá verði greidd atkvæði um niðurlag tillögu að þingskjali 8. Ef tillaga að þingskjali 7 verður felld, þá verður gengið til atkvæða um tillögu að þingskjali 8.

Þingforseti óskaði eftir athugasemdum við fyrrgreinda afgreiðslu á þingskjölum 7 og 8. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal 7

Sigfús Ágúst Kárasón (stjórn KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

V. STJÓRN KSÍ

17. grein - Kosning stjórnar KSÍ

1.

- 17.2 ~~Þeir þau~~ sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. ~~Þeir þau~~ sem ~~kosinnir~~ eru **og staðfest** í stjórn KSÍ og ~~þeir þau~~ sem ~~kosinnir~~ eru **og staðfest** til vara í stjórn KSÍ, ~~að undanskildum fulltrúa ÍTF~~, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.

Greinargerð

Tillaga er lögð fram á knattspyrnuþingi 2024 af stjórn KSÍ. Um ræðir breytingartillögu sem tekur mið af athugasemdum frá framkvæmdastjórn ÍSÍ við samþykktar lagabreytingar á ársþingi KSÍ 2023. Í bréfi framkvæmdastjórnar ÍSÍ frá 11. júlí 2023 vegna lagabreytinga á ársþingi KSÍ 2023 kom m.a. eftirfarandi fram:

„Ekki er talið í samræmi við lýðræðislega og góða stjórnarhætti að undanskilja einn aðila í stjórn KSÍ frá hæfisskilyrðum sem allir aðrir í stjórn sambandsins þurfa að gangast undir. Skilyrðin eru sett í þágu góðra stjórnarháttar en með undanþágunni fyrir fulltrúa ÍTF þá má segja að skilyrðin snúist upp í andhverfu sína og fari gegn þeim góðu gildum sem þau eiga að stuðla að. Ekki er sýnileg gild ástæða fyrir því að fulltrúi ÍTF sé undanskilinn þessu hæfisskilyrði.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfestir lög KSÍ með áorðnum breytingum með fyrirvara um lagfæringu á grein 17.2., skv. ofansögðu[...].“

Stjórn KSÍ leggur til að breytingartillaga þessi verði samþykkt svo hæfisskilyrði vegna setu í stjórn KSÍ séu samræmd og eigi jafnt við um alla stjórnarfulltrúa.

Stjórn KSÍ

Umræður um þingskjal 7 voru teknar samhliða umræðum um þingskjal 8.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt, 124 atkvæði samþykktu tillöguna en 17 voru á móti.

Þingskjal 8

Þórir Hákonarson (ÍTF) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

V. STJÓRN KSÍ

17. grein - Kosning stjórnar KSÍ

1.

17.2 Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þeir sem kosnir eru í stjórn KSÍ og þeir sem kosnir eru til vara í stjórn KSÍ, ~~að undanskildum fulltrúa ÍTF~~, skulu ~~hvorki ekki~~ vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ. ~~né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.~~

Greinargerð

Á síðasta ársþingi var samþykkt að breyta lögum KSÍ í þá veru að stjórnarmenn aðildarfélaga eða formenn ráð innan þeirra ráða gætu ekki gefið kost á sér í stjórn KSÍ. Ljóst er að með þeirri ráðstöfun er einfaldlega verið að koma í veg fyrir að aðilar með mikla reynslu innan hreyfingarinnar og aðilar sem eru virkir innan hreyfingarinnar, geta ekki gefið kost á sér til setu í stjórn KSÍ sem þýðir þá að hugsanlega reynslumestu aðilarnir eru ekki kjörgengir til að taka þátt í að stjórna knattspyrnuhreyfingunni á Íslandi.

Afar lítil hætta er á hagsmunaárekstrum þó svo að einstaka stjórnarmenn aðildarfélaga sitji í stjórn KSÍ þar sem málefni einstakra félaga eru sjaldnast til umræðu eða afgreiðslu þar. Málefni einstakra félaga eru nánast alltaf tekin fyrir í þar til bærum nefndum á vegum sambandsins, s.s. aga – og úrskurðarnefnd, samninga – og félagaskiptanefnd, leyfisnefnd o.s.frv. eða í þar til bærum dómstólum.

Það er mikilvægt að sú þekking og sú reynsla sem oftar en ekki býr í stjórnnum og ráðum aðildarfélaga sambandsins sé ekki útilokuð frá þátttöku í stjórnun knattspyrnuhreyfingarinnar í heild og því eðlilegt að þessi breyting verði gerð á lögnum.

Stjórn ÍTF

Umræður um þingskjal 7 og 8:

Vanda Sigurgeirsdóttir (formaður KSÍ) tók til máls. Hún benti á að ÍSÍ þyrfti að samþykkja allar lagabreytingar og að ÍSÍ hafi ekki samþykkt þá breytingu sem samþykkt var á 77. ársþingi um að fulltrúi ÍTF væri undanskilin hæfireglum. Vanda sagði að hugsa þyrfti þessa hluti alla leið.

Þórir Hákonarson (ÍTF) tók til máls. Hann sagði að í stjórn KSÍ sætu fulltrúar félaga, öll komum við úr einhverjum félögum. Þórir benti á að það hafi komið upp mál þar sem fulltrúar hafa vikið af stjórnarfundum þegar fjallað er um þeirra félag og að það myndi ekki breytast með þessari tillögu.

Ívar Ingimarsson (stjórn KSÍ) tók til máls. Hans sagði að ekki væri verið að saka fólk um að geta ekki gætt hlutleysis, heldur væri verið að vernda fólk fyrir því að vera í þeim aðstæðum að vera sakað um hlutlægni. Ívar sagðist einnig telja að með þessari tillögu fengi KSÍ fleira fólk til starfa en ekki eingöngu formenn félaga.

Tillaga á þingskjali 8 var felld með 35 atkvæðum gegn 104.

Þingskjal 9

Marteinn Ægisson (Þróttur V.) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

IV. KNATTSPYRNUÞING

13. grein - Dagskrá

- 13.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:
- Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
 - Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - Kosning fyrsta og annars þingritara.
 - Ávörp gesta.
 - Álit kjörnefndar og það samþykkt.
 - Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
 - Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
 - Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
 - Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
 - Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaðir reikningar, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF**
 - Umræður um skýrslu fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF.**
 - ~~l.~~ Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
 - ~~m.~~ Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
 - ~~n.~~ Önnur mál.
 - ~~o.~~ Kosningar. Álit kjörnefndar.
 - Kosning stjórnar.
 - Kosning formanns (annað hvert ár).
 - Kosning 4ra manna í stjórn.
 - Kosning 3ja varamanna í stjórn (annað hvert ár).
 - Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
 - Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
 - Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
 - Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn annað hvert ár).
 - Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ.
 - Kosning 3ja manna í áfrýjunardómstól
 - Kosning 5 varamanna í áfrýjunardómstól
 - Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn annað hvert ár).
 - Kosning í leyfisdóm KSÍ.
 - Kosning 5 manna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 - Kosning 3 varamanna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 - Kosning í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ
 - Kosning 3 manna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 - Kosning 3 varamanna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 - Kosning í siðanefnd KSÍ
 - Kosning 3 manna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).

- b. Kosning 3 varamanna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
 - 11. Kosning fulltrúa í kjaranefnd.
 - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - 12. Kosning kjörnefndar (3 menn annað hvert ár).
 - ~~p. n.~~ Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn og eins fulltrúa varamanns í stjórn (annað hvert ár).
 - ~~r. e.~~ Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
 - ~~s. þ.~~ Þingslit.
- 13.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

Greinargerð

Íslenskur Toppfótbolti – samtök félaga með lið í efstu deildum í knattspyrnu (ÍTF), hefur þann tilgang samkvæmt 3. gr. í samþykktum félagsins að skapa aðildarfélögum sem best rekstrarskilyrði, stuðla að vexti og framgangi íslenskrar knattspyrnu, skipuleggja mótahald í efstu deildum í samráði við KSÍ og sjá m.a. um samningsgerð vegna markaðs- og sjónvarpsréttinda. Þá hefur fulltrúi ÍTF sæti í stjórn KSÍ. ÍTF fær árlegan styrk frá KSÍ til þess styrkja starfsemi skrifstofu ÍTF og jafnframt hefur ÍTF skrifstofuaðstöðu í höfuðstöðvum KSÍ. Samstarf ÍTF og KSÍ er einnig með ýmsum öðrum hætti þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru talsverðir. Hins vegar eru fleiri aðildarfélög KSÍ sem standa utan ÍTF en innan sem hafa engu að síður mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Samkvæmt 5. gr. laga KSÍ skulu aðildarfélög ástunda góða stjórnarhætti og vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda sem á þá væntanlega einnig við um ÍTF. Í því hlýtur að felast gagnsæi í vinnubrögðum gagnvart öllum aðildarfélögum KSÍ. Því er lagt til að í dagskrá knattspyrnuþings verði bætt við dagskrárlið þar sem fráfarandi stjórn ÍTF leggi fram skýrslu ÍTF, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF. Jafnframt verði öðrum dagskrárlið bætt við þar sem fram fari umræða um sömu liði. Þetta er í anda sáttmála ÍTF að vinna að heilindum með öðrum félögum, leita leiða til málamiðlana og lausna ef ágreiningur hvers konar kemur upp á milli aðildarfélaganna. Tillagan er einnig í anda laga KSÍ að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu og stuðla að góðum stjórnarháttum félaga innan vébanda KSÍ.

Þróttur Vogum

Umræður um þingskjal 9:

Þórir Hákonarson (ÍTF) tók til máls. Þórir sagði að í sjálfu sér væri ekkert að því að bókhaldið væri opið þeim félögum sem eru aðilar að ÍTF. Hann vísaði í fundargerð af fundi laga- og leikreglnanefndar, þar segir að laga- og leikreglnanefnd KSÍ fái ekki séð að ársþing KSÍ geti lagt skyldur á sjálfstætt félag, þó svo að hluti aðildarfélag KSÍ séu aðildarfélög ÍTF.

Marteinn Ægisson (Þróttur V.) tók til máls. Hann ræddi um að þegar ÍTF var stofnað, þá hafi mikið verið rætt um að gegnsæi þyrfti að vera meira hjá KSÍ en á sama tíma hafi gegnsæi í starfsemi ÍTF verið lítið. Marteinn sagði að hvergi á heimasíðu ÍTF sé að finna ársreikninga eða ársskýrslu félagsins. Marteinn lagði fram breytingartillögu, þingskjal 9b.

Þingskjal 9b:

Breytingartillaga við þingskjal 9

Tillagðar breytingar á þingskjali 9b eru merktar með fjólubláa
það sem lagt er til að falli út úr framkomnum tillögum á þingskjali 9b er ~~yfirstrikað~~

IV. KNATTSPYRNUÞING

13. grein - Dagskrá

- 13.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:
- a. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.
 - b. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - c. Kosning fyrsta og annars þingritara.
 - d. Ávörp gesta.
 - e. Álit kjörnefndar og það samþykkt.
 - f. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
 - g. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
 - h. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
 - i. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
 - ~~j. ÍTF gefinn kostur á að leggja Lögð fram skýrslu fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaðir reikningar, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF~~
 - ~~k. Ef við á, umræður um skýrslu fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF.~~
 - ~~l.~~ Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
 - ~~m.~~ Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
 - ~~n.~~ Önnur mál.
 - ~~o.~~ Kosningar. Álit kjörnefndar.
 1. Kosning stjórnar.
 - a. Kosning formanns (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
 - d. Kosning 3ja varamanna í stjórn (annað hvert ár).
 2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
 - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 3. Kosning fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ.
 4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
 5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn annað hvert ár).
 6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ.
 - a. Kosning 3ja manna í áfrýjunardómstól
 - b. Kosning 5 varamanna í áfrýjunardómstól
 7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn annað hvert ár).
 8. Kosning í leyfisdóm KSÍ.
 - a. Kosning 5 manna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 9. Kosning í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ
 - a. Kosning 3 manna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 10. Kosning í siðanefnd KSÍ
 - a. Kosning 3 manna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
 11. Kosning fulltrúa í kjaranefnd.
 - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
 12. Kosning kjörnefndar (3 menn annað hvert ár).
 - ~~p.~~ Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn og eins fulltrúa varamanns í stjórn (annað hvert ár).
 - ~~r.~~ Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
 - ~~s.~~ Þingslit.
- 13.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

Knattspyrnudeild Þróttar Vogum

Tillaga á þingskjali 9b var samþykkt, 116 atkvæði fylgjandi en 25 á móti

Tillaga á þingskjali 9 var samþykkt með áorðnum breytingum, 106 atkvæði voru fylgjandi en 38 á móti.

Þingskjal 10

Helga Helgadóttir (stjórn KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Varalið í mfl. kvenna –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

13. grein - Þátttökuréttur

- 13.1 Aðildarfélög KSÍ eiga rétt á að taka þátt í öllum opinberum knattspyrnumótum nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.2 Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.3 **Í Íslandsmóti er félagi heimilt að tefla fram tveimur keppnisliðum í meistaraflokki kvenna með þeirri takmörkun að liði nr. 2 í meistaraflokki félags er óheimilt að leika í sömu deild og lið nr. 1. Ef lið nr. 1 flyst niður í sömu deild og lið nr. 2 í meistaraflokki kvenna hjá sama félagi, þá skal flytja lið nr. 2 í næstu deild fyrir neðan og flytja lið annars félags upp um deild í stað þess, skv. grein 29.1.7. Ef bæði lið nr. 1 og 2 í meistaraflokki kvenna eiga þátttökurétt í neðstu deild skal lið nr. 2 missa þátttökurétt sinn í neðstu deild.**
- 13.3 Stjórn KSÍ skal ákveða þátttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.
- 13.4 Þátttökutilkynningar vegna móta meistaraflokka skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. nóvember ár hvert. Þátttökutilkynningar vegna móta yngri flokka skulu berast KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 5. janúar ár hvert. Þátttöku í öðrum mótum, þ.m.t. Utandeild, skal tilkynna um skv. ákvörðun mótanefndar KSÍ. Þátttökutilkynning félags verður ekki tekin gild nema uppfylltar séu gerðar kröfur skv. þátttökutilkynningu.
- 13.5 Helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni og bikarkeppnum og ógreiddar skuldir fyrra árs skal gert upp samhliða tilkynningu um þátttöku í mótum. Eftirstöðvar þessara gjalda og þátttökugjöld skal inna af hendi eigi síðar en 30. mars í upphafi hvers keppnistímabils.

7. grein - Takmörkun á hlutgengi.

- 7.1 Enginn má leika með yngri aldursflokki en honum ber. Félagi er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu fyrir leikmann 15 ára og yngri, ef um er að ræða félagslegar eða lækisfræðilegar ástæður. Umsókn félags skal staðfest af forráðamanni leikmanns og henni skal fylgja vottorð viðurkennds fagaðila, t.d. félagsráðgjafa, sálfræðings eða lækis.
- 7.2 Eldri og yngri aldursflokkar mega ekki keppa innbyrðis.
- 7.3 Taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í móti, má enginn leikmaður leika nema með einu liði. Í yngri aldursflokkum er heimilt að víkja frá þessu ákvæði samkvæmt nánari reglum þar um.
- 7.4 **Um hlutgengi leikmanna félags sem teflt hefur fram tveimur keppnisliðum í meistaraflokki kvenna:**
- 7.4.1 **Enginn leikmaður má taka þátt í nema einum kappleik sama daginn.**
 - 7.4.2 **Hlutgengir leikmenn félags hafa heimild til að leika með liði nr. 1 og liði nr. 2 með þeirri takmörkun að leikmaður sem var á meðal byrjunarliðsmanna eða tók þátt í fyrri hálfleik í næsta leik á undan með liði nr. 1 í Íslandsmóti er óhlutgengur með liði nr. 2.**
- 7.4 Enginn leikmaður má taka þátt í nema einum kappleik sama daginn, nema leikjum hafi verið þannig raðað niður, t.d. í úrslitakeppni og þá einungis í einum aldursflokki. Félagi er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu ef sýnt þykir að viðkomandi félag getur ekki mannað 11 manna lið í 3. eða 4. flokki nema með því að nota leikmann úr yngri flokki sem þó hefur leikið sama dag. Undanþágubeiðni skal skila skriflega til mótanefndar KSÍ a.m.k. þremur sólarhringum fyrir leik og ber mótanefnd að svara umsókn a.m.k. sólarhring fyrir leik.

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Þátttaka í deildarbikarkeppni KSÍ er heimil öllum félögum, sem tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna árið á undan.
- 1.2 Félagi er heimilt að tefla fram tveimur keppnisliðum í deildarbikarkeppni kvenna með þeirri takmörkun að liði nr. 2 er óheimilt að leika í sömu deild og lið nr. 1.
- 1.3 Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með, og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna.
- 1.4 Um hlutgengi leikmanna félags sem teflt hefur fram tveimur keppnisliðum í deildarbikarkeppni kvenna:
 - 1.4.1 Enginn leikmaður má taka þátt í nema einum kappleik sama daginn.
 - 1.4.2 Hlutgengir leikmenn félags hafa heimild til að leika með liði nr. 1 og liði nr. 2 með þeirri takmörkun að leikmaður sem var á meðal byrjunarliðsmanna eða tók þátt í fyrri hálfleik í næsta leik á undan með liði nr. 1 í deildarbikarkeppni kvenna er óhlutgengur með liði nr. 2.
- 1.5 Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn mótsins.
- 1.6 KSÍ veitir verðlaun til félaga og viðurkenningar til leikmanna samkvæmt nánari reglum síðar.

Stjórn KSÍ verði falið að gera aðrar nauðsynlegar breytingar á reglugerðum KSÍ áður en efni tillögu þessarar tekur gildi.

Greinargerð

Úr greinargerð millipinganefndar um varalið í meistaraflokki kvenna:

Hópurinn/nefndin var skipuð Öddu Maríu Baldursdóttur (Val), Dóru Sif Sigtryggisdóttur (Þór/KA), Birgi Jóhannssyni (ÍTF), Daða Rafnssyni (skipaður af ÍTF), Jórunni Maríu Þorsteinsdóttur (Gróttu), Þóru Kristínu Jónsdóttur (Gróttu), Hugrónu Hjálmarsdóttur (FHL), Magneu Guðlaugsdóttur (ÍA). Helga Helgadóttir (stjórn KSÍ) var formaður nefndarinnar og Birkir Sveinsson (mótastjóri KSÍ) var starfsmaður nefndarinnar/hópsins.

Hópurinn var sammála því að meginmarkmið með þeirri tillögu sem yrði fyrir valinu væri að finna leið sem er til hagsbóta fyrir framþróun efnilegra leikmanna án þess að skerða tækifæri þeirra sem eru styttra komnir til þess að leika áfram knattspyrnu.

Tillaga starfshópsins

Lagt er til í samræmi við ákvæði 13.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnu, að mótareglum í meistaraflokki kvenna verði breytt á þann hátt að heimilt verði að tefla fram tveimur keppnisliðum sama félags í Íslandsmótum og Deildarbikarkeppni KSÍ (ekki í Bikarkeppni KSÍ).

Þessi breyting taki gildi frá og með keppnistímabilinu 2025. Verði þetta ákvæði til bráðabirgða í tvö keppnistímabil og endurmetið fyrir keppnistímabilið 2027.

Þátttökuréttur – takmörkun á þátttöku

Keppnislið sama félags geta ekki leikið í sömu deild. Skal þá færa lið nr. 2 í deildina fyrir neðan og lið fært upp í deildina samkvæmt gr. 29.1.7.

Ef bæði lið félagsins eiga þátttökurétt í neðstu deild, þá missir lið nr. tvö þátttökuréttinn.

Áfram er heimilt að tefla fram samvinnuliði í samræmi við gr. 14.

Hlutgengisreglur

Ekki er heimilt að leika með báðum liðum sama daginn.

Lið félagsins nr. 1: Allir leikmenn félagsins hafa heimild til að leika með liði nr. 1.

Lið félagsins nr. 2: Allir leikmenn félagsins hafa heimild til að leika með liði nr. 2 með þeirri takmörkun að leikmaður sem var á meðal byrjunarliðsmanna eða tók þátt í fyrri hálfleik í næsta leik á undan með liði 1 í Íslandsmóti, er ekki hlutgengur með liði 2.

Tækifæri og áskoranir

Ýmis tækifæri felast í því að samþykkja ofangreindar breytingar en einnig fylgja áskoranir. Tækifærin felast einkum í því að ungir, efnilegir leikmenn fái að spila fleiri leiki með meiri gæðum. Þeir geta fengið tækifæri með aðalliði, t.d. komið inná sem varamenn, en samt spilað heilan leik með öðru meistaraflokksliði í annarri deild. Fleiri lið bætast e.t.v. við í deildarkeppni kvenna og því líklegra að fjölga megi deildum og þar með tækifærum fyrir fleiri leikmenn til að spila með meistaraflokki.

Ein helsta áskorunin felst í því að hafa áfram áhugaverð verkefni í boði fyrir þá leikmenn sem ekki eru komnir á þann stað að vera tilbúnir til að leika í meistaraflokki. Þarna reynir á að félögin haldi vel utan um leikmenn sem verða áfram í 2.flokki. Þjóða þarf áfram upp á keppni í þeim aldursflokki. Það munu ekki öll félög kjósa að tefla fram fleiri en einu meistaraflokksliði enda fylgir því töluverð skuldbinding bæði hvað varðar mannafla og fjármagn. Sum munu áfram fara þá leið að vera með eitt meistaraflokkslið og annað í 2.flokki á meðan önnur munu tefla fram tveimur í meistaraflokki og engu í 2.flokki. Enn önnur munu svo bæði bjóða upp á fleiri en eitt meistaraflokkslið sem og halda úti 2.flokki.

Umræðan um að heimila fleiri en eitt lið frá hverju félagi í deildarkeppni meistaraflokks kvenna hefur skotið upp kollinum aftur og aftur undanfarin ár og jafnvel áratugi. Nokkrum sinnum hafa svipaðar tillögur verið felldar á ársþingi KSÍ. Þrátt fyrir það lagnast þessi umræða ekki útaf, líklega vegna þess að margir, sérstaklega þjálfarar, telja að þessi leið stuðli að framþróun í knattspyrnu kvenna. E.t.v. er tímabært að prófa að taka skref í þessa átt. Hér er stungið upp á að breytingin sé tímabundin og því hægt að fara til baka eftir tvö ár ef breytingin reynist ekki af hinu góða. Í flestum löndum í kringum okkur taka varalið félaga þátt í deildarkeppni þó að reglur um þau séu misjafnar. Öllum þeim leiðum sem eru færar fylgja einhverjir annmarkar en þrátt fyrir þá hefur verið haldið áfram að leyfa varalið í þessum löndum, kostirnir eru taldir vega þyngra en gallarnir. Við leggjum því til ofangreinda tillögu með það að markmiði, eins og ofar segir, að bæta hag og framþróun efnilegra leikmanna án þess að skerða tækifæri þeirra sem eru styttra komnir til þess að leika áfram knattspyrnu. Við áréttum að tillagan er lögð fram þannig að hún gildi aðeins tímabundið svo hægt sé um vik að hverfa til fyrra fyrirkomulags ef breytingin verður ekki talin þjóna þeim markmiðum sem lagt er upp með.

Breyting þessi taki gildi í lok keppnistímabils 2024 fyrir keppnistímabilið 2025. Breytingar verði til bráðabirgða í tvö keppnistímabil og endurmetnar fyrir keppnistímabilið 2027.

Stjórn KSÍ

Umræður um þingskjal 10:

Katla Guðjónsdóttir (Víkingur R.) tók til máls. Hún sagði að nýjasta tillaga um varalið væri vonbrigði og að einhver ástæða væri fyrir því að þessi tillaga eða álíka tillaga hefur aldrei hlotið brautargengi á ársþingi KSÍ. Katla sagði að hún væri ekki á móti varaliðum en að hún væri á móti takmarkalausum og frjálsum flæði leikmanna milli liða. Hún sagði jafnframt að hún hafi verið ein af tveimur konum sem sátu í starfshóp um svipaða tillögu fyrir síðasta ársþing en þeim tveimur hafi ekki verið boðið í þann starfshóp sem skilaði þessari tillögu frá sér. Ástæðuna taldi hún vera andstöðu sína við þá ályktun sem síðasta nefnd hafi skilað af sér.

Katla sagði að það væri vonbrigði að stjórn KSÍ væri að leggja þessa tillögu fram, því tillögur stjórnar væru yfirleitt samþykktar. Hún hvatti þá sem ekki hafa hagsmuna að gæta að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu.

Helga Helgadóttir (KSÍ) tók til máls. Hún sagði það ekki rétt að eingöngu hafi tveimur verið skipt út úr þeirri nefnd sem fjallaði um málið áður, heldur hafi nefndin verið skipuð frá grunni og eingöngu skipuð nýjum meðlimum. Helga sagði að aðildarfélög KSÍ hafi kallað eftir því á 77. ársþingi KSÍ að tillaga yrði lögð fram á þessu þingi.

Flosi Eiríksson (Breiðablik) tók til máls. Hann sagðist geta fullyrt að allir í salnum beri knattspyrnu kvenna fyrir brjósti. Flosi sagði að þetta væri alls ekki tillaga frá Breiðabliki, heldur frá stjórn KSÍ. Og að starfshópurinn hafi verið skipaður breiðfylkingu úr hreyfingunni og benti jafnframt á að Breiðablik hafi ekki átt fulltrúa í nefndinni. Flosi skoraði á alla sem hafa atkvæðarétt að nýta rétt sinn til atkvæða um þessa tillögu. Hann sagði að tillaga stjórnar KSÍ væri ágæt og alls ekki einhver lokaleið. Hann sagði þetta verið skref fram á við, þó hann hafi viljað sjá hana öðruvísi. Flosi hvatti svo að endingu alla til að nýta atkvæðarétt sinn.

Kristján Kristjánsson (Vestri) tók til máls. Hann þakkaði nefndinni fyrir þá vinnu sem hún sé að skila af sér. En sagði jafnframt að hann væri á móti þessari tillögu. Kristján vitnaði í Magna Fannberg, sem fjallaði um þessa tillögu á málþingi daginn fyrir ársþingið, þar sem Magni sagðist vera alfarið á móti varaliðs fyrirkomulagi án takmarkanna. Kristján sagði að með þessari tillögu, þar sem frjálst flæði væri á milli aðalliðs og varaliðs, væri ómögulegt að vita hvaða liði þú værir að mæta, sérstaklega þegar spilað er gegn stóru félögunum. Þessi tillaga gerði jafnvel landsliðskonum sem væru að jafna sig eftir meiðsli tækifæri til að spila með varaliði félagsins.

Auður Ólafsdóttir (ÍR) tók til máls. Hún sagði að þessi tillaga væri alltof opin og bætti við að hún sæi ekki fyrir sér hvernig fyrirkomulagið fellur út eftir tvö ár, ef fara ætti til baka í fyrra fyrirkomulag. Auður lýsti einnig yfir áhyggjum yfir því hvaða áhrif þetta fyrirkomulag hefði á 2. flokk kvenna.

Helga Helgadóttir (KSÍ) tók til máls. Hún þakkaði fyrir góðar umræður. Hún sagði að ákveðið hafi verið í fyrra að fara með þetta mál í starfshóp. Þannig að ljóst væri að aðildarfélögin vildu skoða þessi mál. Helga hvatti jafnframt til þess að kosið verði um þessa tillögu.

Flosi Eiríksson (Breiðablik) tók til máls. Hann sagði að við værum öll að velta fyrir okkur því sama, hvernig bætum við þetta umhverfi. Það væri hins vegar mismunandi skoðanir á fyrirkomulaginu. Flosi sagði að þetta snúist ekki um einstaka félög heldur snúist þetta um hvernig við gefum stúlkum tækifæri við hæfi og hvatti til þess að þetta fyrirkomulag verði prófað í tvö ár. Eftir það sjáum við hvernig hefur til tekist.

Kristján Kristjánsson (Vestri) tók til máls. Kristján sagðist ekki vilja breyta bara til að breyta. Hann sagðist áfram vera á móti þessari tillögu og teldi hana ekki góða. Kristján sagði að jafnræði og heilindi yrðu að vera til staðar. Hann hvatti þingheim til að fella tillöguna.

Ívar Ingimarsson (KSÍ) tók til máls. Hann sagðist sakna þess að umræðan snúist um hvað sé best fyrir unga og efnilega leikmenn. Ívar sagði að ungir og efnilegir leikmenn væru að lenda of oft í því að fá of fáa leiki. Þessi tillaga væri til þess fallin að gefa ungum og efnilegum leikmönnum fleiri leiki og tækifæri. Ívar sagði að það væri ábyrgð okkar fullorðna fólksins að stýra þessu og styrkja okkar unga fólk.

Tillaga á þingskjali 10 var felld, 35 greiddu atkvæði með en 106 voru á móti.

Þingskjal 11

Þórir Hákonarson (ÍTF) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar – Réttindatekjur og þáttökugjöld –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð um knattspyrnumót.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

13. grein – Þáttökuréttur

13.3 ~~Stjórn KSÍ skal ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.~~ Stjórn KSÍ skal gera tillögu að þáttökugjöldum í mótum á vegum KSÍ og leggja fyrir ársþing til samþykktar samhliða fjárhagsáætlun.

23. grein - Meistaraflokkur karla

23.2.10 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þáttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. **Frádráttur vegna kostnaðar við keppnina skal þó aldrei nema meira en 25% af tekjum keppinnar að meðtöldum þáttökugjöldum sem félögin greiða.**

Samsvarandi breytingar gerðar varðandi bikarkeppni kvenna í grein 29.2.6.

Greinargerð

Breyting var gerð á ákvæði 23.2.10 og 29.2.6 í reglugerð um knattspyrnumót á þann veg að kostnaður vegna bikarkeppni skyldi dragast frá tekjum vegna réttindasölu keppinnar og þar með lækka verulega þær tekjur sem félögin hafa af þáttöku í aðalkeppni bikarkeppinnar. Ekkert hámark er á því hver kostnaður af keppninni getur verið og því illmögulegt fyrir aðildarfélögin að vita fyrirfram hverjar hugsanlegar tekjur af keppninni verða á hverju ári. Með því að ramma inn hámark kostnaðar hverju sinni er einfaldlega verið ýta undir að aðhalds sé gætt og að félögin viti nokkurn veginn hverjar tekjur geta verið að þáttöku í keppninni.

Stjórn ÍTF

Umræður um þingskjal 11:

Þórir Hákonarson (ÍTF) tók til máls og lagði fram breytingartillögu, þingskjal 11b.

Þingskjal 11b

Tillaga til ályktunar – Réttindatekjur og þáttökugjöld –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð um knattspyrnumót.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **fjólublátt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

13. grein – Þáttökuréttur

13.3 Stjórn KSÍ skal ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ **að undanskildum þáttökugjöldum í bikarkeppni.** Stjórn KSÍ skal gera tillögu að þáttökugjöldum í bikarkeppni KSÍ til 4 ára í senn og leggja fyrir ársþing.

23. grein - Meistaraflokkur karla

23.2.10 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þáttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. **Frádráttur vegna kostnaðar við keppnina skal þó aldrei nema meira en 25% af tekjum keppinnar að meðtöldum þáttökugjöldum sem félögin greiða.**

Samsvarandi breytingar gerðar varðandi bikarkeppni kvenna í grein 29.2.6.

Greinargerð

Breyting var gerð á ákvæði 23.2.10 og 29.2.6 í reglugerð um knattspyrnumót á þann veg að kostnaður vegna bikarkeppni skyldi dragast frá tekjum vegna réttindasölu keppinnar og þar með lækka verulega þær tekjur sem félögin hafa af þátttöku í aðalkeppni bikarkeppinnar. Ekkert hámark er á því hver kostnaður af keppninni getur verið og því illmögulegt fyrir aðildarfélögin að vita fyrirfram hverjar hugsanlegar tekjur af keppninni verða á hverju ári. Með því að ramma inn hámark kostnaðar hverju sinni er einfaldlega verið ýta undir að aðhalds sé gætt og að félögin viti nokkurn veginn hverjar tekjur geta verið að þátttöku í keppninni.

Stjórn ÍTF

Umræður um þingskjal 11b:

Borghildur Sigurðardóttir (KSÍ) tók til máls. Borghildur sagði að ef ætti að taka einn lið út úr áætlun og ræða hann sérstaklega, þá fellur fjárhagsáætlunin. Hún sagði að félögin eigi að kjósa fulltrúa í stjórn KSÍ sem þau treysta fyrir rekstri KSÍ. Borghildur var sammála þeim hluta tillögunnar sem segir að allar tekjur og gjöld sem lögð eru á félögin ættu að vera sett fram til fjögurra ára.

Þórir Hákonarson (ÍTF) tók til máls. Hann dró þingskjal 11b tilbaka og lagði til breytingartillögu, þingskjal 11c.

Þingskjal 11c**Tillaga til ályktunar**

– Réttindatekjur og þáttökugjöld –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð um knattspyrnumót.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er fjólublátt. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

13. grein – Þáttökuréttur

13.3 Stjórn KSÍ skal ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ ~~að undanskildum þáttökugjöldum í bikarkeppni.~~ ~~Stjórn KSÍ skal gera tillögu að þáttökugjöldum í bikarkeppni KSÍ til 4 ára í senn og leggja fyrir ársþing.~~

23. grein - Meistfannaraflokkur karla

23.2.10 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þáttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. **Frádráttur vegna kostnaðar við keppnina skal þó aldrei nema meira en 25% af tekjum keppinnar að meðtöldum þáttökugjöldum sem félögin greiða.**

Samsvarandi breytingar gerðar varðandi bikarkeppni kvenna í grein 29.2.6.

Stjórn ÍTF

Umræða um þingskjal 11c:

Borghildur Sigurðardóttir (KSÍ) tók til máls. Hún ítrekaði þá skoðun sína að óeðlilegt væri að þingið ákvarðaði tekjustreymi KSÍ. Félögin kjósi aðila í stjórn KSÍ sem það treystir til að vinna að rekstri KSÍ.

Tillaga á þingskjali 11c var samþykkt með 98 atkvæðum gegn 38.

Tillaga á þingskjali 11 með áorðnum breytingum var felld, 53 atkvæði voru fylgjandi en 78 á móti.

Þingskjal 12

Birgir Jóhannsson (ÍTF) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar - Fjöldi varamanna í mfl. -

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

9. grein - Leikskýrsla

9.6 Í keppni 7, 8 og 11 manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Í keppni 7 og 8 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í keppni 11 manna liða í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn vera allt að ~~7~~ **9** og allt að ~~7~~ **9** menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).

Greinargerð

Hér er lagt til að liðum gefist kostur á að hafa allt að 9 varamenn á bekk í meistaraflokki og 9 aðila í liðsstjórn en þessi breyting er gerð í samræmi við þá leið sem almennt er verið að fara í evrópskri knattspyrnu. Félögum verður eftir sem áður að sjálfsögðu heimilt að vera með færri varamenn.

Stjórn ÍTF

Umræður um þingskjal 12:

Sævar Pétursson (KA) tók til máls. Hann sagðist vera hlynntur tillögunni í grunninn en sagði tillöguna illa unna. Kostnaður félaga við að stækka varamannaskýli væri umtalsverður. Einnig væri talað um það í greinargerð að tillagan væri til þess fallinn að fjölga ungum leikmönnum í leikmannahópa en ekkert væri minnst á unga leikmenn í tillögunni sjálfri.

Ívar Ingimarsson (KSÍ) tók til máls. Ívar sagði að formaður mannvirkjanefndar hafi beðið hann um að koma upp í pontu. Mannvirkjanefnd vildi koma því á framfæri að þessi tillaga gæti haft áhrif á aðstöðu félaga, t.d. varamannaskýli og búningasklefa. Einnig þyrfti þessi tillaga að snúa beint að ungum leikmönnum, ekki enda á þann veg að eldri leikmönnum fjölgar á varamannabekkjum félaga.

Tillaga á þingskjali 12 var felld, 37 voru fylgjandi en 103 á móti.

Þingskjal 13

Arnar Sveinn Geirsson (Leikmannasamtök Íslands) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

–Leikmanns- og sambandssamningar–

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSÍ

Félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

- ~~Áhugamaður/Sambandsleikmaður (amateur): Leikmaður sem hefur keppnisleyfi með félagi en er þó ekki samningsleikmaður.~~
- ~~Sambandssamningur (amateur contract): Samningur sem gerður er við áhugamann þar sem greiðslur til hans geta aðeins náð yfir beinan útlagðan kostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað o.fl. en þó aldrei falið í sér heildargreiðslur umfram kr. 300.000 á ári.~~

Áhugamanna samningur (amateur contract): Samningur sem er gerður við leikmann til á mæta útlögðum kostnaði leikmanns. Útlagður kostnaður getur aldrei farið yfir 300.000 krónur á ári. Útlagður kostnaður er eftirfarandi: skór, sokkar, legghlífar, hitahlífar, innanundir bolur/buxur, íþróttatoppur, túr nærbuxur, matarkostnaður í sambandi við leiki, linsur, sálfræðikostnaður, styrktar þjálfun, næringarþjálfun, bensín kort, strætókort. (Samkomulag aðila upp að 300.000)
Félag skal greiða allan kostnað leikmanns vegna meiðsla. Félag hefur heimild til að boða leikmann á æfingar milli 17-20 virka daga. Félag hefur heimild til að boða leikmann tvisvar í mánuði á æfingu á laugardegi. Fri skal ávallt gefið á sunnudögum. Sé mótsleikur á sunnudegi á frídagur ekki við.
- ~~Sambandsleikmaður: Leikmaður er gerir sambandssamning við félag.~~
- ~~Leikmannssamningur (professional contract): Samningur sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun. Samningurinn er launþegasamningur og ber félagið ábyrgð á því að greiða skatt og launatengd gjöld samkvæmt landslögum um launþegagreiðslur.~~
- ~~Samningsleikmaður (professional): Leikmaður er gerir leikmannssamning við félag.~~

Greinargerð

Tillagan er gerð með einföldun í huga.

Hugtök nr. 3, 4 & 5 þurfa að vera skýrari til þess að taka allan vafa út hvað varðar greiðslur og launatengd gjöld leikmannasamninga.

Með því að sameina lið 3, 4 & 5 undir nýja 4 grein, er orðið skýrara í reglugerð hvers konar samning félag og leikmaður skrifar undir.

Hugtak nr. 6.

Kjósi félag að semja við leikmann um mánaðarlegar greiðslur, verður sá samningur launþegasamningur.

Launþegasamningur felur í sér að félag stendur að greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda samkvæmt landslögum um launþegagreiðslu.

Lágmarkslaun skulu vera sett í efstu tveimur deildum, karla og kvenna, þar sem launþegasamningar gilda, og lagt er til að lágmarkslaun per mánuð verði á eftirfarandi hátt:

- Efsta deild KK og KVK: 100.000kr
- 1.deild KK og KVK: 75.000kr

Greiðsla í stéttarfélag fyrir knattspyrnuleikmenn yrði til hagsmunasamtaka leikmanna, Leikmannasamtök Íslands (LSÍ), sem tilheyra undir alþjóðlegu leikmannasamtökin FIFPro.

Leikmannasamtök Íslands standa vörð um hagsmuni leikmanna á Íslandi og eru viðurkennd af FIFPro. Kostnaður að aðild LSÍ er 7.500kr á ári og greiðist að hálfu félaga í janúar/febrúar á ári hverju.

Með tillögu LSÍ getur íslensk knattspyrna tekið skrefið í átt að betri umgjörð innan sem utan vallar.

Stjórn Leikmannasamtaka Íslands

Umræður um þingskjal 13:

Flosi Eiríksson (Breiðablik) tók til máls. Hann lagði fram frávísunartillögu, þingskjal 13b.

Þingskjal 13b

Frávísunartillaga

– vegna tillögu um *leikmanns- og sambandssamninga* –

Tillagan hljóðar svona:

Á fundi sínum 11. október 2023 skipaði stjórn KSÍ vinnuhóp um staðalsamninga leikmanna og voru skipuð í hann fulltrúar frá KSÍ, ÍTF, Leikmannasamtökunum og nokkrum aðildarfélögum. Vinnuhópurinn hefur átt marga góða fundi og verið að vinna skipulega að því að endurskoða staðalsamninga leikmanna í heild með það að markmiði að skýra þá og styrkja í breiðu samstarfi.

Það er óheppilegt að fara að taka einstök atriði út úr endurskoðunni og vandséð að hægt sé að vinna áfram á þeim grunni.

Í ljósi þessa er lagt til að ályktunartillögu á þingskjali 13 verði vísað frá í heild sinni.

Jafnframt er bent á umsagnir nefnda KSÍ á efnislega annmarka á ályktunartillögunni

Um annmarka á tillögu er helst getið í umsögnum fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ og samninga og félagaskiptanefndar KSÍ. Efni tillögu á þingskjali 13 er varhugavert af praktískum ástæðum og er tillagan til þess fallin að vera verulega íþyngjandi fyrir félög. Þá gerir tillagan ráð fyrir að samningsfrelsi verði takmarkað mjög verulega án þess að fyrir því séu knýjandi rök.

Sömuleiðis hefur verið á það bent af hálfu laga- og leikreglanefndar KSÍ að ekki megi skylda leikmenn aðildarféлага til félagsaðildar hjá þriðja aðila, sbr. t.d. 2. mgr. 74. stjórnarskrár (engan má skylda til aðildar að félagi). Hver og einn leikmaður fyrir sig hefur frjáltsræði um aðild að félagi.

Breiðablik

FH

Valur

Víkingur

Frávísunartillaga var tekin til afgreiðslu án umræðu.

Tillaga að þingskjali 13b var samþykkt, 126 voru fylgjandi en 17 á móti.

Þingskjal 14

Jón Erlendsson (Haukar) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

- Leikmannssamningar í 2. deild kvenna -

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

**REGLUGERÐ KSÍ
um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga****IV. kafli. SAMNINGAR LEIKMANNA**

14. gr.

Samningsgerð

14.5 Aðeins félögum í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna, ~~og~~ 2. deild karla **og 2. deild kvenna** er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í efstu deild karla, en þriggja keppnistímabila í efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna ~~og~~ 2. deild karla **og 2. deild kvenna**, sbr. þó næstu grein.

Breyting þessi taki gildi 27. febrúar 2024

Greinargerð

Ljóst er að knattspyrna kvenna hefur vaxið mikið á undanförunum árum, bæði hér heima og erlendis. Á komandi keppnistímabili hafa 13 félög skráð sig til leiks í 2. deild kvenna og er um að ræða deild sem hefur á að skipa mörgum félögum með öflugt kvennastarf fyrir börn og unglinga.

Aðeins er hægt að gera Sambandssamning við leikmenn í 2. deild kvenna sem hefur þann stóra ókost að félög í 2. deildinni geta ekki lánað efnilega leikmenn upp í 1. deild eða efstu deild til að máta sig við meiri samkeppni.

Að ekki sé í boði að gera Leikmannasamning vinnur annars vegar gegn hagsmunum leikmannsins sem vill prófa að spila í sterkari deild en vill hafa þann möguleika að fara aftur til uppeldisfélagsins, t.d. í félagaskiptaglugga, ef hún leikmaðurinn fær ekki spilatíma.

Að ekki sé í boði að gera Leikmannasamning vinnur hins vegar gegn hagsmunum uppeldisfélagsins sem vill lána leikmann í X tíma, jafnvel heilt tímabil, en vill svo fá leikmanninn til baka á næsta tímabili, t.d. ef félagið er þá komið í deild ofar. Eða ef áhugi er á leikmanninum erlendis frá þá skiptir máli fyrir hagsmuni uppeldisfélagsins að leikmaðurinn sé seldur beint út frá félaginu án milligöngu félags í 1. deild eða efstu deild. Hagsmunirnir eru enn ríkari út af mun á uppeldisbótum karla og kvenna.

Auk þessa yrði félögum í 2. deild kvenna gert kleift að lána leikmenn í önnur félög í sömu deild. Fleiri lið geta gert samninga við leikmenn en boðið þeim uppá þann möguleika að fá reynslu hjá öðru liði ef þeir fá ekki mínútur í sínu liði og fleiri leikmenn fá mínútur í meistaraflokksknattspyrnu.

Einnig er horft til þess að auknir möguleikar á fleiri tímabundnum félagaskiptum geta leitt til þess að lið sem nú eru að koma fótum undir eða styrkja starf í meistaraflokkum kvenna í knattspyrnu ættu meiri möguleika á að fá tímabundna aðstoð frá mun fleiri liðum en nú er.

Tillagan veitir því félögum í 2. deild sem og leikmönnum þeirra félaga sama sveigjanleika og félög í 1. deild og efstu deild njóta og verndar um leið hagsmuni beggja.

Haukar

Umræður um þingskjal 14:

Kristján Kristjánsson (Vestri) tók til máls. Hann sagðist vera beggja lands, þegar kemur að þessari tillögu. Kristján sagðist óttast það að þessi tillaga komi í veg fyrir að leikmenn geti verið lánaðir úr Lengjudeild niður í 2. deild.

Klara Bjartmarz (KSÍ) tók til máls. Hún benti á að ef þessi tillaga verði samþykkt, þá þarf að samræma félagaskiptaglugga milli allra deilda. Eins benti hún á að leikmenn utan EES/ESB þyrftu bæði atvinnu- og dvalarleyfi til að spila í 2. deild kvenna, fari þessi tillaga í gegn. En eins og staðan er núna, þá þurfa leikmenn eingöngu dvalarleyfi til að spila 2. deild hér á landi.

Tillaga að þingskjali 14 var felld, 35 voru fylgjandi en 98 á móti.

Þingskjal 15

Stjórn ÍTF dró tillögu að þingskjali 15 til baka og kom hún því ekki til afgreiðslu.

Tillaga til ályktunar - Þjálfari eða forystumaður í leikbanni -

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSÍ um aga- og úrskurðarmál

IV. kafli. VIÐURLÖG OG REFSINGAR

12. gr.

Viðurlög við agabrotum

- 12.7. Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leiksloka. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. **Viðkomandi má ekki með neinum hætti vera í tengslum við lið sitt á sama tímabili, t.a.m. ekki í gegnum símtæki, tölvu eða með öðrum slíkum hætti. Jafnframt er viðkomandi óheimilt að taka þátt í fjölmiðlaviðburðum á leikvangi að leik loknum.** Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.

Greinargerð

Uppfærsla á reglugerð í samræmi við agareglugerð FIFA. Á síðasta keppnistímabili þvældist mál þjálfara innan agakerfis KSÍ í margar vikur þar sem ákvæði þetta þótti ekki nægjanlega skýrt. Hér er tillaga um að uppfæra ákvæðið í samræmi við þá tækni sem mögulegt er að nota og í samræmi við skýrar agareglur FIFA.

Stjórn ÍTF

Þingskjal 16

Stjórn ÍTF dró tillögu að þingskjali 16 til baka og kom hún því ekki til afgreiðslu.

Tillaga til ályktunar
- Þjálfari eða forystumaður í leikbanni -

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSÍ
um aga- og úrskurðarmál

II. kafli.

MÁLSMEDFERÐARREGLUR

4. gr.

Almennar málsmeðferðarreglur

- 4.4. Sóknaraðili að máli getur verið einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti. Auk þess getur stjórn KSÍ eða ~~framkvæmdastjóri~~ **kærunefnd** KSÍ á grundvelli sérstakra heimilda vísað einstökum agamálum eða lagt fram kærú til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. **Öll þau mál er kærunefnd KSÍ vísar til aga – og úrskurðarnefndar skal meðhöndla sem um kærúmál sé að ræða, þ.m.t. frestur til að vísa til aga – og úrskurðarnefndar.**

5. gr.

Agamál

- 5.2. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem ~~framkvæmdastjóri~~ **kærunefnd** KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.
- 5.3. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Nefndin skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi aðila ásamt öðrum gögnum ef við á. **Aðeins kærunefnd KSÍ getur vísað málum til aga – og úrskurðarnefndar á þessum forsendum. Úrskurður í slíkum málum skal liggja fyrir eigi síðar en 7 dögum frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Liggi úrskurður ekki fyrir innan ofangreindra tímamarka telst málinu lokið án viðurlaga.**

Lagt er til að aðrar greinar í reglugerðinni breytist til samræmis og starfsreglur kærunefndar lagðar fram. Lagt er til að nefndin verði skipuð a.m.k. þremur aðilum.

Greinargerð

Nokkuð hefur borið á því að framkvæmdastjóri KSÍ vísi málum til aga – og úrskurðarnefndar og óljóst er hvernig þau mál skuli meðhöndlast innan nefndarinnar. Mikilvægt er að fleiri aðilar komi að því að vísa málum til nefndarinnar sé þörf á því, t.d. vegna brota sem dómamar missa af í leik en koma svo fram á myndbandsupptökum líkt og gerðist á síðasta tímabili. Auk þess þarf að vera skýrt hvernig málið er meðhöndlað þannig að viðkomandi taki út refsingu skv. viðurlögum eins fljótt og auðið er en refsingin dragist ekki í marga daga eða jafnvel vikur. Nauðsynlegt er að gera viðeigandi breytingar í þá átt að starfsreglur fyrirhugaðrar kærunefndar verði staðfestar í stjórn og í þeirri nefnd sitji aðilar sem reynslu hafa úr hreyfingunni, s.s. fyrrverandi dómari, aðili frá KSÍ (framkvæmdastjóri) og svo lögfræðingur en tillagan gerir ekki ráð fyrir því hvernig skuli skipa í nefndina en einfaldlega er lagt til að nefndin verði skipuð a.m.k. þremur aðilum.

Stjórn ÍTF

Þingskjal 17

Sigfús Ásgeir Kárason (KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar – Framkvæmd leyfiskerfis KSÍ –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki að skipaður verði nýr starfshópur með fulltrúum KSÍ og ÍTF, sem vinni að eftirfarandi tillögum:

- Að leyfiskerfi KSÍ verði skipt upp í þrjá hluta:
 - Leyfiskerfi fyrir þau félög sem taka þátt í Evrópukeppni ár hvert. (Leyfiskerfi UEFA hjá karlaliðum og kvennaliðum)
 - Leyfiskerfi fyrir þau félög sem taka þátt í Bestu deild karla annars vegar og Bestu deild kvenna hins vegar.
 - Leyfiskerfi fyrir þau félög sem taka þátt í Lengjudeild karla ár hvert.
- Að viðeigandi kröfur sem gerðar eru í handbók leikja varðandi framkvæmd leikja í deildum innan leyfiskerfis verði færðar inn í leyfisreglugerð hvernar deildar fyrir sig. Þannig liggi skýrt fyrir í viðeigandi leyfisreglugerð hverjar kröfur til framkvæmdar leikja eru í viðkomandi deild í stað þess að aðeins sé getið um þau atriði í handbók leikja.
- Að skapa vettvang þar sem aðildarfélög í hverri deild geti komið á framfæri athugasemdum og tillögum að úrbótum til stjórnar KSÍ áður en samþykktar eru breytingar á leyfisreglugerð hvernar deildar.

Er lagt til að unnið verði að útfærslu á þessum hugmyndum næsta árið og að nýr starfshópur ljúki störfum fyrir 1. desember 2024. Gert er ráð fyrir að ný útfærsla leyfiskerfis taki gildi keppnistímabilið 2025. Aðildarfélög ÍTF og stjórn KSÍ verða upplýst reglulega um framgang mála og geta komið tillögum og athugasemdum á framfæri við starfshópinn.

Greinargerð

Úr greinargerð starfshóps sem falið var að kanna bestu möguleikana á framkvæmd leyfiskerfis KSÍ:

„Ársþing KSÍ samþykkir að setja á fót starfshóp sem kanna skal bestu möguleikana í framkvæmd leyfiskerfis KSÍ. Starfshópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af KSÍ og tveimur fulltrúum tilnefndum af ÍTF og skili greinargerð til stjórnar KSÍ og ÍTF fyrir 1. desember 2023.“

KSÍ tilnefndi Hauk Hinriksson og Sigfús Ásgeir Kárason í starfshópinn og ÍTF tilnefndi Hörð Guðjónsson og Þóri Hákonarson.

Starfshópurinn kom saman þrívægis og nálgædist verkefnið á þann veg að leita upplýsinga um hvernig fyrirkomulagi leyfiskerfisins sé háttað í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Eftir umræður á fundum starfshópsins og yfirferð á þeim upplýsingum leggur starfshópurinn til að skipaður verði nýr starfshópur með fulltrúum KSÍ og ÍTF, sem vinni að eftirfarandi tillögum:

- Að leyfiskerfi KSÍ verði skipt upp í þrjá hluta:
 - Leyfiskerfi fyrir þau félög sem taka þátt í Evrópukeppni ár hvert. (Leyfiskerfi UEFA hjá karlaliðum og kvennaliðum)
 - Leyfiskerfi fyrir þau félög sem taka þátt í Bestu deild karla annars vegar og Bestu deild kvenna hins vegar ár hvert
 - Leyfiskerfi fyrir þau félög sem taka þátt í Lengjudeild karla ár hvert.

Hugmyndin með því að skipta leyfiskerfinu með þessum hætti er að sníða kerfið að þörfum deildakeppninnar hér og íslenskum veruleika. Fyrirmynd að þessu er sótt í norska leyfiskerfið en því er skipt upp með þessum hætti og leyfiskerfi fyrir hverja deild tekur mið af þeim kröfum sem eðlilegar eru í þeim deildum. Samhliða slíkum breytingum yrði unnið að því að einfalda leyfisferlið, t.d. með því að liðka um tímafresti fyrir gagnaskil. Ein leið til þess væri að taka upp kerfi þar sem félögum yrði gert að uppfylla nauðsynlegar forsendur til þess að viðhalda áður útgefnu leyfi í stað þess að sækja árlega um nýja leyfisveitingu með skilum á öllum

tilheyrandi gögnum. Félög þyrftu þannig aðeins að tilkynna um breytingar, ef einhverjar eru ár hvert. Ef upp kemur forsendubrestur, þá yrði viðkomandi félagi t.d. gert kleift gera viðbragðsáætlun/samning við leyfisstjórn um það hvernig félagið vinni bug á forsendubresti.

2. Að viðeigandi kröfur sem gerðar eru í handbók leikja varðandi framkvæmd leikja í deildum innan leyfiskerfis verði færðar inn í leyfisreglugerð hvernar deildar fyrir sig. Þannig liggi skýrt fyrir í viðeigandi leyfisreglugerð hverjar kröfur til framkvæmdar leikja eru í viðkomandi deild í stað þess að aðeins sé getið um þau atriði í handbók leikja.

3. Að skapa vettvang þar sem aðildarfélög í hverri deild geti komið á framfæri athugasemdum og tillögum að úrbótum til stjórnar KSÍ áður en samþykktar eru breytingar á leyfisreglugerð hvernar deildar.

Þessar tillögur taka mið af helstu markmiðum leyfiskerfisins, að bæta allt umhverfi knattspyrnufélaganna, fjárhagslegt umhverfi, aðstöðu og árangur en þó þannig að tekið sé tillit til þess veruleika sem félögin búa við og að kerfið sé ekki meira íþyngjandi en eðlilegt getur talist í þeim veruleika.

Er lagt til að unnið verði að útfærslu á þessum hugmyndum næsta árið og að nýr starfshópur ljúki störfum fyrir 1. desember 2024. Gert er ráð fyrir að ný útfærsla leyfiskerfis taki gildi keppnistímabilið 2025. Aðildarfélög ÍTF og stjórn KSÍ verða upplýst reglulega um framgang mála og geta komið tillögum og athugasemdum á framfæri við starfshópinn.

Stjórn KSÍ

Umræður um þingskjal 17:

Arnar Sveinn Geirsson (Leikmannasamtök Íslands) tók til máls. Hann sagði að Leikmannasamtökin væru sátt við tillöguna að mestu leyti en vildi þó leggja fram breytingartillögu, þingskjal 17b.

Þingskjal 17b

Breytingartillaga við þingskjal 17

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þingskjali 17

Óskað er eftir tveimur breytingum á tillögunni:

A. Farið er fram á breytingu í lið 1. C lið og gert skuli ráð fyrir því í vinnu starfhópsins að leyfiskerfi skuli einnig ná yfir þau félög sem spila í Lengjudeild kvenna.

B. Gert skuli ráð fyrir því að Leikmannasamtökin fái að tilnefna tvo aðila í nefndina líkt og KSÍ og ÍTF.

Greinargerð

Mikilvægt er að tillagan nái einnig til Lengjudeildar kvenna. Allt of mikið er um að félög sem Bestu deild geri ekki upp við sína leikmenn og það setur leikmenn í afar vonða stöðu. Leikmenn geta ekki nýtt sér gátt KSÍ um skuld leysi þar sem það félag sem fellur er ekki lengur til staðar inni í "skuldleysis gátt" Leikmenn sem eiga inni hjá félagi þurfa því að sækja þá fjármuni sem þeir eiga eða telja sig eiga inni hjá félaginu með öðrum leiðum til dæmis í gegnum LSÍ eða lögfræðing.

Stjórn Leikmannasamtaka Íslands

Tillaga að þingskjali 17b var samþykkt með 90 atkvæðum gegn 44.

Tillaga að þingskjali 17 var samþykkt með áorðnum breytingum, 107 atkvæði voru fylgjandi en 24 á móti.

Þingskjal 18

Þórir Hákonarson (ÍTF) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Lánareglur. Móðurfélag og dótturfélag – starfshópur

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til við ársþing KSÍ 2024 að stjórn KSÍ skipi í starfshóp sem ætlað er að skoða möguleika á rýmri heimildum til tímabundinna félagaskipta yngri leikmanna með það í huga að auka möguleika þeirra leikmanna til þátttöku í leikjum í meistaraflokki karla.

Haft verði til hliðsjónar það regluverk sem sænska knattspyrnusambandið er með varðandi tímabundin félagaskipti sem m.a. felur í sér:

- Heimildir verði rýmri til tímabundinna félagaskipta á milli móðurfélags og dótturfélags.
- Ákvæðið á aðeins við um íslenska leikmenn sem eru 22 ára á yfirstandandi ári og yngri.
- Móðurfélag og dótturfélag gera með sér samstarfssamning, móðurfélag má aðeins gera samning við eitt dótturfélag en dótturfélag má eiga tvö móðurfélög.
- Móðurfélag og dótturfélag mega ekki vera í sömu deild og móðurfélag má aðeins lána leikmann til dótturfélags sem er í neðri deild.
- Móðurfélag skilar í lista með að hámarki 5 leikmönnum þar sem einn leikmaður a.m.k. er markvörður.
- Aðeins samningsbundnir leikmenn með leikmannasamning mega vera á viðkomandi lista.
- Fram til 1. ágúst má skipta útaf 5 manna listanum 4 nöfnum frá upphafi tímabils þannig að mest geta verið á viðkomandi lista 11 nöfn yfir tímabilið.
- Eftir að seinna félagaskiptatímabili lýkur eru breytingar á listanum óheimilar.
- Rýmri heimildir eiga aðeins við um leikmenn sem leika í efstu deild karla, 1.deild karla og 2.deild karla.
- Frá því ósk berst um breytingar á listanum til KSÍ þurfa að líða 4 dagar þar til viðkomandi leikmaður fær leikheimild með dótturfélaginu.
- Ekki er um eiginleg félagaskipti að ræða, sá listi sem KSÍ hefur undir höndum frá hverju móðurfélagi gefur heimild fyrir leikmenn til að spila með dótturfélagi.
- Leikmenn sem leika með dótturfélagi eftir þessum reglum eru ekki gjaldgengir til þátttöku í UEFA keppnum á sama tímabili.

Starfshópurinn verði skipaður 5 fulltrúum, tveimur frá KSÍ, tveimur frá ÍTF og einum frá félagi sem á lið í 2.deild karla og ber hópnum að skila af sér tillögum til breytinga í síðasta lagi 1.apríl 2024.

Greinargerð

Lengi hefur verið rætt um hvernig hægt sé að skapa vettvang fyrir unga leikmenn sem eru á mörkum þess að spila með meistaraflokksliði sínu að fá viðeigandi og krefjandi verkefni til þess að þeir leikmenn geti þróast miðað við getu. Oft er um að ræða leikmenn sem eru afar efnilegir en hafa ekki náð nægjanlegum þroska sem leikmenn til þess að spila í meistaraflokki hjá sínu liði t.d. í efstu deildum. Þau verkefni sem standa þeim til boða eru þá að sama skapi ekki nægjanlega krefjandi og því mikilvægt að þessum efnilegu og oft efnilegustu leikmönnum liðanna sé fundinn vettvangur við hæfi. Sænsk félagslið og knattspyrnusambandið hafa farið þá leið að heimila þessum leikmönnum að fara nokkuð frjálst á milli móður – og dótturfélags án þess að eiginleg félagaskipti eigi sér stað en með þeim hætti gefst þessum

leikmönnum kostur á að spila með meistaraflokki í deildarkeppni í neðri deildum. Það er vert að skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að ná því markmiði að auka möguleika þessara leikmanna á meira krefjandi verkefnum heldur en spila með yngri flokkum og eða vera viðloðandi meistaraflokkinn og fá lítinn spiltíma þegar mest þörf er á að leikmennirnir spili meistaraflokks fótbolta.

Stjórn ÍTF

Umræður um þingskjal 18:

Helga Helgadóttir (KSÍ) tók til máls. Hún sagði að stjórn KSÍ og stjórn ÍTF vildu leggja fram breytingatillögu, þingskjal 18b.

Þingskjal 18b:

Breytingartillaga við þingskjal 18

Lagt er til að starfshópi sem ætlað er að skoða möguleika á rýmri heimildum til tímabundinna félagaskipta yngri leikmanna í meistaraflokki karla, skv. tillögu á þingskjali 18, verði einnig falið að skoða leggja til sama fyrirkomulag í meistaraflokki kvenna.

Stjórn KSÍ og Stjórn ÍTF

Enginn kvaddi sér til hljóðs um þingskjal 18b og því var gengið til atkvæðagreiðslu.

Tillaga að þingskjali 18b var samþykkt, 135 voru fylgjandi en 4 á móti.

Tillaga að þingskjali 18 var samþykkt með áorðnum breytingum, 132 voru fylgjandi en 6 á móti.

Þingskjal 19

Arnar Sveinn Geirsson (Leikmannasamtök Íslands) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Sumarfrí leikmanna–

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Ársþing KSÍ samþykki að innleitt verði sumarhlé á keppnistímabili í Íslandsmóti meistaraflokka í knattspyrnu á Íslandi. Lagt er til að skipta Íslandsmótinu í vor- og haust tímabil, þar sem sumarhlé frá keppnisleikjum yrði um mitt Íslandsmót, þar sem fjögurra vikna keppnishlé væri frá leikjum, og þar sem leikmenn fengju 14 daga samfleytt frí frá skipulögðum æfingum hjá sínum félagsliðum.

Fordæmi fyrir mið-tímabilshléi liggja fyrir á Norðurlöndunum, þar sem sumarhléin eru sett í FIFA/UEFA/Ólympíu-lokakeppnisglugga. Sem dæmi mun sumarið 2024 í Herrallsvenskan í Svíþjóð taka sumarhlé í deild milli 2. júní – 6. júlí, þegar mótið hefur spilað 12 umferðir fyrir sumarhlé. Til samanburðar mun Damallsvenskan í Svíþjóð taka sumarhlé frá 8.júlí – 22.ágúst, eftir 15 spilaðar umferðir, eða á meðan Ólympíuleikarnir standa yfir í París.

Sumarhléin 2024 í efstu deildum í Svíþjóð er í lengra lagi, þar sem í ár er bæði EM KK og Ólympíuleikar, þar sem A-landslið KVK taka þátt.

Mótanefnd KSÍ hefur hagrætt móta fyrirkomulagi varðandi Íslandsmót í knattspyrnu áður, þegar landslið Íslands hafa tekið þátt í stórmótum, A-landslið KK (EM 2016 & HM 2018), A-landslið KVK (EM 2017 & 2022) og 19 ára landslið KK og KVK (EM 2023).

Tímabilshlé í knattspyrnu er gert til að gefa leikmönnum tíma til andlegrar og líkamlegrar endurheimtar, ásamt því að gefa þjálfurum, starfsfólki og sjálfboðaliðum félaga möguleika á sumarfrí.

Lagt er til að sumarhlé á keppnisleikjum í Íslandsmóti í knattspyrnu vari að minnsta kosti fjórar vikur, til þess að geta gefið þjálfurum og leikmönnum tíma til 14 daga samliggjandi frís ásamt undirbúningstíma fyrir komandi haust tímabil.

Stjórn Leikmannasamtaka Íslands

Umræður um þingskjal 19:

Anna Þorsteinsdóttir (Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna) tók til máls. Hún sagðist taka eftir því að umræðan væri á þá leið að breyta þyrfti umhverfinu. Anna sagði að umhverfið í knattspyrnuhreyfingunni væri mjög karllægt, margt í okkar kerfi sem halli á konur og að við þyrftum að finna þessar villur og þora að gera breytingar. Þessi tillaga væri til að mynda til þess fallin að breyta umhverfinu og sumarfrí gæti hugsanlega fengið fleiri konur út í þjálfun, sem dæmi.

Helga Helgadóttir (KSÍ) tók til máls. Hún benti á að A landslið kvenna spili á öðrum tímum en A landslið karla og taldi að þessi tillaga myndi veikja mótið. Í því sambandi nefndi Helga að ekki væru öll

félög með gervigrasvelli og þyrftu þ.a.l. að spila heimaleiki sína að heiman og að með því að taka sumarfrí í júlí væri ekki verið að nota grasvelli þegar þeir eru í sínu besta ástandi.

Helga gerði grein fyrir umsögn mótanefndar um þingskjal 19.

Umsögn mótanefndar:

Það er mat nefndarinnar að gera fjögurra vikna hlé um mitt sumar í öllum mótum meistaraflokka sé ekki gott fyrir mótin á Íslandi.

Lengja þyrfti tímabilið í öllum deildum, væntanlega bæði byrja fyrr og enda seinna.

Mörg félög hafa ekki yfir að ráða gervigrasi, því gæti þyrft að leika í meira mæli á öðrum völlum en heimavöllum félaga í upphafi og jafnvel við lok móta.

Það skýtur skökku við að mati nefndarinnar að leika á Íslandi þegar vellir eru ekki í góðu standi en ætla svo að hafa frí þegar þeir eru í sem besta standi.

Einnig bendir nefndin á að þar sem leikið er á Íslandi yfir há sumarið þá hefur það skapað tekjur fyrir félögin þar sem getraunaheimurinn þarf leiki allt árið um kring.

Þær tekjur munu væntanlega minnka ef við ætlum að færa leikina inn á tímabil þar sem nægt framboð er á leikjum fyrir í öðrum löndum.

Spurning hvaða áhrif þetta muni hafa á áhorfendafjölda.

Mótanefnd KSÍ

Sævar Pétursson (KA) tók til máls. Hann sagði að hreyfingin þyrfti að taka þessa umræðu og ekki hafna þessu án þess að velta hlutum fyrir sér. Sævar sagði að hreyfingin þyrfti að hlusta á leikmennina og leita leiða sem gangi upp fyrir bæði leikmenn og félögin.

Arnar Sveinn Geirsson (Leikmannasamtök Íslands) tók til máls. Arnar benti á að áhorfendafjöldi væri ekki mikill á þessum tíma. Varðandi vallarmálin, sem Helga nefndi, þá myndi þetta ef til vill flýta fyrir framþróun valla hér landi, gera þyrfti ákveðnar kröfur um velli og leysa það mál. Arnar lagði fram breytingartillögu, þingskjal 19b.

Þingskjal 19b

Tillaga til ályktunar

– Sumarfrí leikmanna –

Breytingartillaga hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingartillögu á þingskjali 19:

Ársþing KSÍ samþykki að innleitt verði sumarhlé á keppnistímabili í Íslandsmóti meistaraflokka í knattspyrnu á Íslandi. Lagt er til að skipta Íslandsmótinu í vor- og haust tímabil, þar sem sumarhlé frá keppnisleikjum yrði um mitt Íslandsmót, þar sem **þrjú** fjögurra vikna keppnishlé væri frá leikjum, og þar sem leikmenn fengju **sjö** 14 daga samfleytt frí frá skipulögðum æfingum hjá sínum félagsliðum.

Fordæmi fyrir mið-tímabilshléi liggja fyrir á Norðurlöndunum, þar sem sumarhléin eru sett í FIFA/UEFA/Ólympíu-lokakeppnisglugga. Sem dæmi mun sumarið 2024 í Herrallsvenskan í Svíþjóð taka sumarhlé í deild milli 2. júní – 6. júlí, þegar mótið hefur spilað 12 umferðir fyrir sumarhlé. Til samanburðar mun Damallsvenskan í Svíþjóð taka sumarhlé frá 8. júlí – 22. ágúst, eftir 15 spilaðar umferðir, eða á meðan Ólympíuleikarnir standa yfir í París.

Sumarhléin 2024 í efstu deildum í Svíþjóð er í lengra lagi, þar sem í ár er bæði EM KK og Ólympíuleikar, þar sem A-landslið KVK taka þátt.

Mótanefnd KSÍ hefur hagrætt móta fyrirkomulagi varðandi Íslandsmót í knattspyrnu áður, þegar landslið Íslands hafa tekið þátt í stórmótum, A-landslið KK (EM 2016 & HM 2018), A-landslið KVK (EM 2017 & 2022) og 19 ára landslið KK og KVK (EM 2023).

Tímabilshlé í knattspyrnu er gert til að gefa leikmönnum tíma til andlegrar og líkamlegrar endurheimtar, ásamt því að gefa þjálfurum, starfsfólki og sjálfboðaliðum félaga möguleika á sumarfríi.

Lagt er til að sumarhlé á keppnisleikjum í Íslandsmóti í knattspyrnu vari að minnsta kosti ~~þrjár~~ fjórar vikur, til þess að geta gefið þjálfurum og leikmönnum tíma til ~~sjö~~ 14 daga samliggjandi frís ásamt undirbúningstíma fyrir komandi haust tímabil.

Stjórn Leikmannasamtaka Íslands

Tillaga að þingskjali 19b var samþykkt, 79 voru fylgjandi en 56 á móti.

Tillaga að þingskjali 19 með áorðnum breytingum var felld, 27 voru fylgjandi en 110 á móti.

Þingskjal 20

Páll Kristjánsson (KR) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Dómstólar –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að skipaður verði starfshópur sem fer yfir skipulag dómstólakerfis KSÍ og um leið samninga – og félagaskiptanefnd KSÍ og geri hópurinn tillögur til úrbóta og leggi fram í tillöguformi fyrir ársþing 2025. Skal hópurinn skipaður lögmonnum þar sem KSÍ tilnefni 2 fulltrúa og ÍTF tilnefni 2 fulltrúa. Lögfræðingur KSÍ verði hópnun innan handar sem starfsmaður.

Greinargerð

Umhverfi knattspyrnunnar hefur breyst til muna undanfarin ár. Álitamálin eru fleiri og umfang mála hefur aukist til muna. Fjárhagslegir hagsmunir aðila af niðurstöðum mála skipta orðið meira máli og álagið á þá sem málum sinna eftir því.

Meginþorri mála er einfaldur að sniðum og ætti að vera hægt með tiltölulega einföldum hætti að afgreiða þau mál.

Með aukinni snjallvæðingu og upptöku leikja er viðbúið fleiri tilvikum þar sem ágreiningur um réttmæti ákvarðanatöku dómara. Tryggja verður að hægt sé að taka ákvörðun í slíkum málum hratt. Fordæmi eru fyrir því að seinagangur í ákvarðanatöku dómstóls hafi leitt til þess að aðili var ekki talinn hafa lögmeata hagsmuni af niðurstöðu máls. Hafði aðili borið brigður á réttmæti rauðs spjalds sem hann hafði fengið. Í framhaldi mátti sá aðili afplána einn leiki í banni án þess að þurfa þess í raun og veru.

Þá er spurning hvort að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ sé nægilega lýsandi og skýrt hugtak yfir það sem nefndinni er ætlað að standa fyrir. Niðurstöðum nefndarinnar er hægt að áfrýja til Áfrýjunardómstóls. Er aga- og úrskurðarnefndin þá dómstóll eða nefnd? Hver er nákvæmlega starfssvið hennar?

Samninga- og félagsskiptanefnd hefur og tekið ákvarðanir í málum sem varða beina fjárhagslega hagsmuni aðila. Fram kemur í lögum KSÍ að úrskurðir nefndarinnar um ágreiningsefni séu bindandi fyrir deiluaðila. Er þannig aðilum ómögulegt að áfrýja niðurstöðum nefndarinnar.

Hér er aðeins tæpt á fáeinum atriðum sem sýna fram á þörf fyrir endurskoðun dómstólakerfis KSÍ. Um leið og vinna verður að einföldun kerfisins þá þarf að tryggja að þau mál sem þarfnast meiri athygli fái hana. Eftir atvikum að mál verði flutt munnlega fyrir dómstólum sambandsins en um leið tryggt að uni aðilar ekki niðurstöðu þá séu tiltækar áfrýjunarleiðir. Þá kann að vera rétt að skoða þann möguleika að deiluaðilar beri kostnað að hluta eða öllu leyti af umfangsmeiri málflytningi.

Stjórn ÍTF

Tillaga að þingskjali 20 var samþykkt, 117 voru fylgjandi en 8 á móti.

Þingskjal 21

Birgir Jóhannsson (ÍTF) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Tímasetning ársþings KSÍ –**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að skipaður verði starfshópur sem kanni kosti þess og galla að halda ársþing KSÍ að hausti í stað þess að ársþing fari fram í lok febrúar. Starfshópurinn verði skipaður af stjórn KSÍ og þess gætt að fulltrúar frá aðildarfélögum sitji í hópnum.

Stjórn ÍTF

Tillaga að þingskjali 21 var samþykkt, 114 voru fylgjandi en 18 á móti.

Þingskjal 22

Samúel Samúelsson (Vestri) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

- Erlendir leikmenn -

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

VI. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS

23. grein – Erlendir leikmenn

22.1 Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en ~~þrjú~~ **fimm** erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, NorðurÍrland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra **fimm** erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

Greinargerð

Reglugerðin var upphaflega sett til að vernda stöðu íslenskra leikmanna og að takmarka fjölda erlendra leikmanna í hverju liði. Eftir að löggjöf var breitt og leikmenn þjóða innan EES hættu að teljast erlendir þá er ekki eðlilegt að leikmönnum sem sérstaklega mismunað eftir þjóðerni.

Sú breyting hefur verið gerð frá því þetta ákvæði var sett inn að allir erlendir leikmenn sem koma frá löndum utan EES þurfa að fá hér atvinnu – og dvalarleyfi sem þeir þurftu ekki áður og er regluverk í kringum þau leyfi orðin býsna ströng. Það eitt og sér er nægjanleg takmörkun á fjölda erlendra leikmanna sem koma frá löndum utan EES.

Þessu til viðbótar má jafnframt benda á að í efstu deild karla og 1.deild karla skulu félög senda inn leikmannalista sem hafa ákveðnar takmarkanir gagnvart erlendum leikmönnum, þ.e. skilyrði eru sett varðandi uppalda leikmenn og þ.a.l. takmarkanir gagnvart erlendum leikmönnum.

Vestri

Tillaga að þingskjali 22 var felld, 65 voru fylgjandi en 68 á móti.

Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.

Engin slík mál bárust.

Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Rúnar V. Arnarson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Rúnar V. Arnarson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Kosning formanns KSÍ

Eftirtaldir þrjú framboð bárust:

Guðni Bergsson
Vignir Már Þormóðsson
Þorvaldur Örlygsson

Frambjóðendum gafst kostur á að ávarpa þingheim.

Ávarp Guðna var sem hér segir:

Þingforsetar, þingfulltrúar, kæru félagar.

Hvers vegna, myndi einhver spyrja, er ég að bjóða mig fram aftur sem formaður KSÍ? Af hverju?

Af því að ég tel að ég sé góður í þessu starfi! Og fótbolti er ástríða mín og hugsjón!

Ég er keppnismaður og fyrrum fótboltamaður. Bæði sem áhugamaður, atvinnumaður og landsliðsmaður. Ég var líka fyrirliði, bæði með landsliðinu og í ensku deildinni til fjölda ára. Ég er líka lögmaður og hef starfað fyrir ykkar hönd í teymi um fyrstu stefnumótun UEFA árið 2019.

Ég hef borið ábyrgð og verið leiðtogi.

Ég vil leiða þetta knattspyrnusamband og vinna með ykkur á ný kæru félagar – ég tel mig eiga eftir óunnið verk.

Þegar ljóst var að fráfarandi formaður myndi ekki bjóða sig fram aftur voru mörg ykkar hér í salnum sem komuð að máli við mig og hvöttuð mig til að taka aftur slaginn og bjóða mig fram sem formaður sambandsins.

Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að taka þátt í þessari kosningabaráttu um allt land þar sem fólk hefur einungis sýnt mér hlýhug og velvild.

Fyrir þessa hvatningu er ég þakklátur. En ég var líka efins. Og það er vegna þeirra mála sem ollu því að ég sagði af mér sem formaður KSÍ fyrir rúmum tveimur og hálfu ári. Að segja af sér og labba út fyrir augum þjóðarinnar reyndi svo sannarlega á og ekki síst fjölskyldu mína.

Kæru vinir ég var að reyna gera mitt besta en ég gerði ég mistök og á því biðst ég afsökunar.

En ég var líka sakaður um margt annað sem ekki átti við nein rök að styðjast.

Stór orð voru notuð.

Orð eins og þöggunarsamningur og hylming á kynbundnu ofbeldi.

Skýrsla á vegum ÍSÍ leiddi í ljós að ekkert slíkt átti við rök að styðjast.

Ég dró minn lærdóm af þessu máli og er reynslunni ríkari í dag.

Ég sem persóna gefst ekki upp. Aldrei. Þú tekst á við þína erfiðleika, þú lærir af þeim og fyrir vikið heldurðu áfram sem betri útgáfa en þú varst áður.

Ég vil halda lífinu áfram, reynslunni ríkari og horfa fram á veginn.

Og hvar erum við í dag?

Við erum þjóð sem var með bæði karla og kvenna lið U-19 ára í úrslitum Evrópukeppni 2023, ein þjóða ásamt Spáni. Smáþjóð með tæplega 400.000 íbúa á norðurhvara veraldar. Við erum með rúmlega 30.000 iðkendur og frábært grasrotarstarf sem er eitt það besta í heimi. Við erum með öflugar deildir bæði karla og kvenna byggðar á þessu starfi og þúsundir sjálfbóðaliða eins og ykkur að vinna að framgangi fótboltans.

Við erum fámennasta þjóð sem komist hefur á stórmót bæði í kvenna og karla knattspyrnu á EM og HM.

Við eigum vel á annað hundrað atvinnumenn spilandi erlendis í hinum ýmsum deildum.

Við erum með hæsta hlutfall menntaðra þjálfara í Evrópu.

Þetta erum við og KSÍ er ekkert annað en þú, ég og öll hin.

Kæru vinir það er kominn tími á að vera stolt af því sem að þessi knattspyrnuhreyfing stendur fyrir. Við erum ekki fullkomin og verðum það aldrei en við reynum alltaf að færast nær því.

Það eru vissar blikur á lofti með rekstur KSÍ, hann hefur aðeins látið undan síga með m.a. auknum launa- og ferðakostnaði og minnkandi landsleikjatekjum og ekki hjálpar til að lítið sem ekkert kemur af styrkjum frá hinu opinbera og afrekssjóði.

Í minni formannstíð gekk rekstur KSÍ mjög vel. Við greiddum út tæplega milljarð króna til aðildarfélaganna og reksturinn skilaði 160 milljóna króna hagnaði þau ár. Það eru ekki bara áskoranir í rekstri KSÍ, heldur líka tækifæri, og þau tækifæri mun ég nýta til að snúa við rekstri sambandsins.

Við stofnuðum í minni formannstíð knattspyrnusvið með yfirmanni knattspyrnumála og einnig markaðssvið og stórkjóm markaðstekjur sambandsins um 150% eða úr 70 milljónir króna í 175 milljónir króna á ári! Við gerðum m.a. frábæran búningasamning við Puma sem nú þarf að fara að endursema um.

Við jöfnuðum stigabónusa landsliðanna og bættum hlutfall kvenna í nefndum KSÍ úr 11% í 30%. Við stórbættum ferðajöfnunarsjóð og settum í gang stórfelldar breytingar á mótahaldi svo fátt eitt sé talið.

Kæru félagar ég mun verða formaður framsækni og þróunar KSÍ í átt að enn betri fótboltastarfi um allt land, í öllum deildum og með öflugum landsliðum okkar sem við getum verið stolt af.

Við verðum líka að setja nýjan kraft í áform um byggingu þjóðarleikvangs og byggja hann af metnaði með stjórnvöldum fyrir næstu áratugi. Við megum ekki sætta okkur við að litlir plástrar og skammtímalausnir! Sýnum metnað og verum stórhuga!

Kæru vinir, það er kominn tími til að einbeita okkur að því sem mestu máli skiptir og það er fótboltinn. Núna þurfum við að setja fótboltann í fyrsta sæti en samhliða því rýna rekstur KSÍ. Ég hef gert það áður og tekist vel til!

Í dag getið þið kosið formann sem hefur reynslu og þekkinguna til þess og lætur verkin tala!

Ég legg áherslu á leikgleði bæði innan vallar sem utan. Það á að vera gaman hjá okkur og við þrífumst best á jákvæðri orku.

Ég býð mig fram á þessum forsendum til að leiða sterkt KSÍ inn í framtíðina með ykkur, kæru félagar!

Ykkar er valið!

Ávarp Vignis Más var sem hér segir:

Kæru félagar.

Ársþing KSÍ er mikilvægur vettvangur fyrir okkur öll í knattspyrnuhreyfingunni á Íslandi til að hittast og skiptast á skoðunum, breyta og bæta, og standa saman að því að þróa fótboltann hér á landi.

Það hefur verið virkilega gaman að sitja þetta 78. ársþing og fylgjast með þeim líflegu umræðum sem hafa farið fram – hér í salnum, á göngunum og í ræðustól.

Sum ykkar þekki ég vel, önnur ekki eins vel, en það er einmitt á degi sem þessum sem okkur gefst tækifæri til að kynnast.

Á síðustu vikum hef ég átt mörg góð samtöl við ykkur og fengið tækifæri til að deila hugsjónum mínum og framtíðarsýn. Þá hef ég einnig fengið að heyra hvað brennur á ykkur, en í mínum huga er það einna mikilvægast að formannsefni KSÍ hlusti gaumgæfilega á raddir ykkar, forsvarsmanna aðildarfélaganna.

Ég hef verið viðloðandi fótboltann nær allt mitt líf og verið sjálfbóðaliði í hreyfingunni undanfarin 24 ár. Við vitum öll að knattspyrnuhreyfingin er ekkert án sjálfbóðaliðanna og samvinnu þeirra sem þarf að eiga sér stað innan félaganna svo vel megi fara.

Við stöndum að ákveðnu leyti á tímamótum og það eru mörg aðkallandi verkefni fram undan fyrir stjórn KSÍ.

Við verðum að styrkja grunninn fyrir starfsemi aðildarfélaganna og finna leiðir til að efla rekstrarumhverfi þeirra. Það þarf að huga að aðstöðumálum sem og að vinna að frekari jöfnun ferðakostnaðar.

Þá er mikilvægt að viðhalda áframhaldandi öfluglu starfi í kringum yngri landsliðin, því þar liggur framtíðin.

Nauðsynlegt er líka að veita og meta nýlegar breytingar á mótahaldi með tilliti til allra þátta og finna leiðir til að fjölga dómurum.

Það er afturför í jafnréttisbaráttunni. Margar konur hverfa nú úr áhrifastöðum innan KSÍ og engin kona er í kjöri til stjórnar í dag. Það er miður því sjónarmið allra þurfa að heyrast. Hreyfingin má bara alls ekki að vera einhver karlaklúbbur. Hér þurfum við að gera MIKLU betur.

Verkaskipting á skrifstofu KSÍ þarf að vera skýr og formaður stjórnar á ekki að skipta sér of mikið af daglegum rekstri. Við þurfum að yfirfara verkefni sambandsins og reksturinn í heild sinni. Það er þó algjört lykilatriði fyrir framtíð fótboltans á Íslandi að við náum raunhæfum samningum við stjórnvöld um uppbyggingu þjóðarleikvangs. Nauðsynlegt er að mynda samstöðu um fyrsta áfanga sem allra fyrst; undirhita, undirlag og yfirborð ásamt búningsaðstöðu.

Árið 2019 ákvað ég að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi stjórnarstarfa hjá KSÍ og hef því fylgst með störfum þess úr nokkurri fjarlægð síðustu ár sem hefur verið þroskandi og gott. Ég þekki innviði KSÍ vel og bý yfir mikilli reynslu sem ég öðlaðist árin mín 12 í stjórn og nefndum. Þá þekki ég vel verkefni félaganna eftir fjölda ára í stjórn knattspyrnudeildar.

Til viðbótar reynslu úr knattspyrnuhreyfingunni hef ég víðtæka þekkingu af fyrirtækjarekstri og stjórnarstörfum og er vanur að vinna með fólki og leiða saman mismunandi skoðanir sem mun nýtast mér í embætti formanns KSÍ.

Ágætu félagar,

Á síðustu dögum hefur búseta mín á Akureyri verið til umfjöllunar. Hljóti ég stuðning ykkar í kosningunni hér á eftir mun ég að sjálfsögðu dvelja í Reykjavík, þar sem ég á annað heimili, eins mikið og embætti formanns KSÍ þarfnast. En gleymum því ekki að formaður KSÍ er formaður allrar knattspyrnuhreyfingarinnar, hreyfingar sem er starfandi um allt Ísland og það

væri skrítið ef lögheimil utan höfuðborgarsvæðisins væri fyrirstaða formennsku. Ég vil vinna með ykkur og fyrir ykkur. Með samstöðu og samvinnu náum við árangri innan vallar sem utan.

Kæru þingfulltrúar,

Formaður KSÍ þarf að þekkja starf hreyfingarinnar út og inn, hafa víðtæka reynslu af rekstri, kunna að sætta ólík sjónarmið og leiða fólk til sigurs. Formaður KSÍ þarf að koma til dyranna eins og hann er klæddur,, vera hreinn og beinn.

Þannig er ég, Vignir Þormóðsson.

Hvert sem ég fer og hvað sem ég tek mér fyrir hendur þá á knattspyrnan og félagsstarfið innan hreyfingarinnar hug minn og hjarta.

Ég kem að borðinu með víðtæka reynslu af starfi knattspyrnuhreyfingarinnar hér heima og erlendis, og yfirgripsmikla þekkingu á því hvernig við getum með kraftmikilli samvinnu félaganna, grasrótarinnar og þess fólks sem stýrir KSÍ, stuðlað að framgangi vinsælustu íþróttagreinar heims hér á landi.

Ég heiti því að vinna af alúð, einurð og trúfestu í þágu ykkar allra, og legg þar með framboð mitt í ykkar dóm.

Þakka ykkur fyrir.

Ávarp Þorvaldar var sem hér segir:

Kæru félagar.

Eftir skamma stund verður nýr formaður kjörinn. Sumir ætla að kjósa þann sem þeim finnst skemmtilegastur, aðrir þann sem er í félaginu þeirra, enn aðrir þann sem kemur best fyrir í sjónvarpi. Minn draumur er hins vegar sá að menn kjósi þann sem mun gera það sem er best fyrir íslenska knattspyrnu, fyrir aðildarfélögin og fyrir þá sem spila boltann. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að KSÍ eigi að vera vel rekið, hafa heildarhagsmuni knattspyrnunnar að leiðarljósi, hagsmuni iðkenda að leiðarljósi, eigi að vera stuðningsaðili aðildarfélaganna og stuðla að vexti og viðgangi bæði karla og kvennaknattspyrnunnar. Og þar skiptir hlutverk formanns miklu máli.

Mín skoðun er sú að formaður KSÍ eigi að vera í nánari tengslum við hreyfinguna en oft hefur verið, hann eigi að vera í betri samskiptum, styðja félögin betur og þau verkefni sem liðin standa í.

Í boði eru þrír valkostir, mjög, mjög ólíkir valkostir. Ég gæti varið tíma mínum í hina tvo, en það er ekki ég - að tala ekki aðra niður. Ég ætla því að tala um mig og af hverju ég er rétti kosturinn.

Mig langar að segja fimm orð.

Reynsla. Kunnátta. Þekking. Ábyrgur. Óháður.

Ég ætla að endurtaka þetta.

Reynsla. Kunnátta. Þekking. Ábyrgur. Óháður.

Ég hef snert nær alla fleti knattspyrnunnar, hérlendis og erlendis. Ég þekki fótboltann út og inn. Ég er minna í jakkafötum, meira með gras á skónum og bolta í skottinu. KSÍ þarf sterkan leiðtoga, einhvern sem er hreinn og beinn, talar tungumálið, feugar ekki hlutina, segir sannleikann. Og nei, ég er ekki með einhverja flotta auglýsingastofu á bak við mig, eða kosningabatteri, ég er ekki einu sinni með almennilega PR mynd á Facebook, því ég er ekki Facebook kall!

Ég er maður sem er í grasrótinni, hlusta, framkvæmir. Ég hef séð bilið milli hreyfingarinnar og KSÍ. Ég hef séð bilið milli KSÍ og ÍTF, hreyfingar sem var stofnuð til að breyta og bæta – það þarf að ná betur saman um stefnur og strauma.

Ég hef óþrjótandi orku og ég hef aldrei veigrað mér að taka til hendinni. Ég kem til dyranna eins og ég er klæddur, tek ákvarðanir þó þær séu erfiðar, er hreinskiptinn, stundum of, en ég tel heiðarleika vera kost. Ég nefnilega þoli ekki baktal, fals, óheiðarleika eða baktjaldamakk.

Ég tala minna og vinn meira!

Öll hreyfingin er sammála hvað varðar nauðsyn þess að fá nýjan þjóðarleikvang og hjálpa aðildarfélögum að bæta aðstöðu sína. Ég tala að auki fyrir ábyrgum rekstri, auðvelda konum að koma að stjórnun, fjölga konum í þjálfun, dómgæslu og bæta stöðu kvennaliða okkar. Ég tala líka fyrir að bæta dómgæsluna, t.d. með því að tala upp dómara, koma námskeiðum inn í skólakerfið og fjölga þannig úrvals dómurum.

Ég hamra á því að aðildarfélög KSÍ eru grunnurinn að glæstri framtíð og til þess að við náum að gera góða hluti, þurfum við einingu, samhljóm, hreinskilin samskipti, sterkan grunn og formann sem bæði þorir og nennir að bretta upp ermarnar og vinna að ykkar hagsmunamálum alla daga vikunnar. Formannsembætti KSÍ snýst ekki bara um að sitja einhverja fyrirmenna fundi í útlöndum, sitja í heiðursstúkunni á landsleikjum, safna flugpunktum og laga bindið milli leikja. KSÍ á ekki að vera klíkuskapur eða kaffihús, KSÍ á að vera grunnurinn, múrbrjóturinn, ykkar samband, með ykkar hagsmuni efst í huga.

Framtíð landsliða okkar er björt það eru ótrúleg efni, bæði stráka og stelpu megin. Ég veit það, ég hef þjálfað marga af þessum leikmönnum.

Ég hef séð þúsundir leikja á öllum völlum landsins, ég sé ástand valla, stöðu leikmanna, ég sé allt sjálfbóðaliðastarfið, ég sé svitann, tárin, brosin, sigrana og ósigrana. Líklega það eina sem ég hef ekki séð á þessum völlum, eru mótframbjóðendur mínir, en það er önnur saga.

Ég hef unnið í knattspyrnunni alla ævi, knattspyrnan er ekki 9 – 5 vinna hún er allan sólarhringinn. Ég býð ykkur annan valkost en afturhvarf til fortíðar, valkost við einhvern sem situr ekki bara í skrifstofustólnum, valkost um einhvern sem þolir ekki óheiðarleika, misrétti, að kynferðisofbeldi eða kynjamun sé bara ýtt til hliðar eða vandamál falin.

Ég býð ykkur valkost. Stöðnun eða breytingar og framfarir. Ef þið viljið stöðnun, þá er ég ekki ykkar maður. Ef þið viljið breytingar, framfarir, þá þarf hugrekki og nýtt blóð, þá er ég ykkar maður. Valið er ykkar.

Takk.

Því næst var gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Guðni Bergsson hlaut 30 atkvæði

Vignir Már Þormóðsson hlaut 59 atkvæði

Þorvaldur Örlygsson hlaut 55 atkvæði

Þar sem enginn frambjóðandi hlaut meirihluta atkvæða þurfti aðra umferð til að skera úr um sigurvegara. Kosid var á milli þeirra tveggja sem efstir voru í 1. umferð, Vignis Más Þormóðssonar og Þorvaldar Örlygssonar.

Því næst var gengið til kosninga í 2. umferð.

Atkvæði féllu þannig að:

Vignir Már Þormóðsson hlaut 70 atkvæði

Þorvaldur Örlygsson hlaut 75 atkvæði

Þorvaldur Örlygsson var því réttkjörinn formaður KSÍ til tveggja ára og var hylltur með lófaklappi.

Kosning 4ra manna í stjórn KSÍ til tveggja ára:

Eftirtaldir sjö aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Ingi Sigurðsson
Pálmi Haraldsson
Pétur Marteinnsson
Sigfús Ásgeir Kárason
Sigurður Örn Jónsson
Sveinn Gíslason
Þorkell Máni Pétursson

Frambjóðendum gafst kostur á að ávarpa þingheim.

Því næst var gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Ingi Sigurðsson hlaut 100 atkvæði
Pálmi Haraldsson hlaut 84 atkvæði
Pétur Marteinnsson hlaut 39 atkvæði
Sigfús Ásgeir Kárason hlaut 73 atkvæði
Sigurður Örn Jónsson hlaut 42 atkvæði
Sveinn Gíslason hlaut 76 atkvæði
Þorkell Máni Pétursson hlaut 114 atkvæði

Þorkell Máni Pétursson, Ingi Sigurðsson, Pálmi Haraldsson og Sveinn Gíslason voru því réttkjörnir í stjórn KSÍ til tveggja ára.

Kosning varamanna til stjórnar til tveggja ára:

Eftirtaldir þrír aðilar gáfu kost á sér í varastjórn:

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Sigrún Ríkharðsdóttir

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning aðalfulltrúa landsfjórðunga til tveggja ára:

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér:

Austurland – Guðmundur Bj. Hafþórsson
Vesturland – Þorsteinn Haukur Harðarson
Norðurland – Tryggvi Gunnarsson
Suðurland – Trausti Hjaltason

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning varafulltrúa landshluta til tveggja ára:

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér:

Austurland – Valdís Vaka Kristjánsdóttir

Vesturland – Sigurður Þór Sigursteinsson

Norðurland – Björgvin Brynjólfsson

Suðurland – Matthildur Ásmundsdóttir

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ:

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis:

Kjörnefnd gerði tillögu um Birnu Mariú Sigurðardóttur (Deloitte) og var hún sjálfkjörin.

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Feldís Lilja Óskarsdóttir, formaður

Jóhannes Albert Sævarsson

Steinar Þór Guðgeirsson

Varamenn:

Eva B. Helgadóttir

Halldór Brynjar Halldórsson

Höskuldur Eiríksson

Lúðvík Örn Steinarsson

Valgerður Valdimarsdóttir

Kosning í leyfisráð KSÍ til tveggja ára:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Guðmundur H. Pétursson, formaður

Stefán Orri Ólafsson, varaformaður

María Björg Ágústsdóttir

Valdimar Pálsson

Þorgerður Marinósdóttir

Kosning í leyfisráð KSÍ til tveggja ára:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Heimir Örn Herbertsson, formaður

Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður

Björn Ingi Victorsson

Jónas Þórhallsson
Líney Rut Halldórsdóttir
Varamenn:
Ingibjörg Hinriksdóttir
Jón Gunnlaugsson
Ragnar Gíslason

Kosning í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ til tveggja ára:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:
Gísli Guðni Hall, formaður
Eva Halldórsdóttir
Birgir Tjörvi Pétursson

Varamenn:
Heiðrún Lind Marteinsdóttir
Ragnar Baldursson
Unnar Steinn Bjarndal

Kosning fulltrúa í kjaranefnd KSÍ til tveggja ára:

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjaranefnd og voru þau sjálfkjörin:

Aðalmenn:
Margrét Sanders, formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Þorsteinn Gunnarsson

Varamaður:
Ingvar Guðjónsson


Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit

Gísli Gíslason, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf.

Að endingu sagði Þorvaldur Örlygsson, formaður KSÍ, 78. ársþingi KSÍ slitið.

Gísli Gíslason
1. þingforseti

Handwritten signature of Gísli Gíslason in black ink.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2. þingforseti

Handwritten signature of Helga Guðrún Guðjónsdóttir in black ink.

Systa Jónsdóttir
1. þingritari

Handwritten signature of Systa Jónsdóttir in black ink.

Dagur Sveinn Dagbjartsson
2. þingritari

Handwritten signature of Dagur Sveinn Dagbjartsson in black ink.